



Ársskýrsla stjórnar
Myndlistaskólans í Reykjavík

2013

Myndlistaskólinn í Reykjavík

www.myndlistaskolinn.is

www.facebook.com/myndlistaskolinn

Umsjón og ábyrgð: Ingibjörg Jóhannsdóttir

Myndir: Ýmsir

Prentun: Pixel

Umbrot: Hrönn Magnúsdóttir

Ljósmynd á kápu er úr framhaldsáfangna í
módelteikningu í Sjónlistadeild. Kennari Elsa
Dóróthea Gísladóttir

Inn á saurblaði: Tilraunir með lit í 6 - 9 ára hóp hjá
Ínu Salóme Hallgrímsdóttur.

Útgefið í maí 2014

MYNDLISTASKÓLINN
Í R E Y K J A V Í K

ÁVARP SKÓLASTJÓRA

Skólastarf á árinu bar nokkurn keim af dugnaði starfsfólks við að sinna ýmsum krefjandi listrænum verkefnum. Mikilvægt er að skólastarfið sé nægilega sveigjanlegt að þessu leyti og að starfsfólki sé gert kleift að taka leyfi frá störfum þegar svo ber undir. Með þessu geta listamenn og hönnuðir sem starfa hjá skólanum hlaðið batteríin og komið til baka endurnærðir, fullir af nýjum hugmyndum og möguleikum. Skólinn á að vera lifandi vettvangur fyrir starfandi listamenn og hönnuði – þannig þjónar hann nemendum best. Á árinu bar hæst fyrstu útskrift stúdenta í sögu skólans. Í góðri samvinnu við Kvennaskólann í Reykjavík hefur Myndlistaskólinn þróað tveggja ára námsbraut sem leiðir til stúdentsprófs, sérstaklega ætlaða þeim sem hyggja á framhaldsnám í sjónlistum. Námið er byggt á þeim möguleikum sem ný aðalnámsskrá opnar en þar er skólum gefið aukið frelsi til að sérhæfa sig. Á árinu fór að grilla í verklok við kostnaðarsama viðhalds- og breytingavinnu á húsnæði skólans sem hafa að miklu leyti gengið út á að bæta brunavarnir. Skólinn hefur verið í örum vexti á síðustu árum. Nýjar deildir hafa verið stofnaðar en kjölfestan, öflugt barna- og fullorðinsstarf á opnum námskeiðum hefur líka styrkst. Ef til vill má segja að einn megin styrkur skólans felst í því að vera ekki sérhæfður hvað varðar aldursamsetningu og forsendur nemenda fyrir námi sínu. Fjölbreytileikinn er mikill, yngstu nemendurnir eru þriggja ára en þeir elstu komnir fast að tíræðisaldri, sumir líta á nám sitt sem frístund og dægura dvöl á meðan aðrir munu sjá sér farborða með því þeir læra í skólanum. Sérhæfing skólans liggur í að vera skapandi og frjór staður fyrir alla þá sem hafa áhuga á að dýpka þekkingu og skilning sinn á sjónrænu umhverfi og listum.

Ingibjörg Jóhannsdóttir



Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar sjálfeignarstofnunnar	6
Bókasafn	10
Almenn námskeið	11
Barna- og unglínganámskeið	13
Sjónlistadeild	18
Teikning	27
Keramikkjörsvið	30
Mótun	30
Textíll	33
Skipurit.	35
Tölulegar upplýsingar	36
Félagatal	38

SKÝRSLA STJÓRNAR

- FUNDIR Í STJÓRN SJÁLFSEIGNARSTOFNUNNAR

Stjórnir sjálfseignarstofnunar og félags Myndlistasólans í Reykjavík. Í stjórn sjálfseignarstofnunnar sátu Kristinn G. Harðarson, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Margrét H. Blöndal, Hildur Bjarnadóttir, Brynhildur Pálsdóttir, Áslaug Thorlacius og Ingibjörg Jóhannsdóttir.

Í stjórn félags Myndlistaskólans í Reykjavík sátu Ina Salóme Hallgrímsdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Eygló Harðardóttir, Guðjón Ketilsson, Herdís Gunnarsdóttir, Guðbjörg Káradóttir og Guðrún Hannesdóttir. Engir félagsfundir voru haldnir í félaginu á árinu fyrir utan vel heppnaðan jólafund.




Umræður í stjórn sjálfseignarstofnunnar.

Haldnir voru fjórir fundir í stjórn sjálfseignarstofnunnar.

Í framhaldi af niðurstöðum úr ársreikningi var rætt hvernig mætti bæta rekstur Mótunardeildar og Sjónlistadeildar. Til að hagræða var ákveðið að umsjón með sjónlistadeild yrði frá og með haustönn 2013 ein 100% staða en ekki tvær 80% stöður eins og var nauðsynlegt á meðan á uppbyggingu stóð. Til hagræðingar var einnig ákveðið að frá og með haustönn 2014 yrði einungis einn hópur í einu í Mótunardeild í stað tveggja. Nemendahóparnir hafa ekki verið nægilega þéttir og því ákjósanlegra að ná einum góðum hópi. Einnig var ákveðið að fjölga í nemendahópum í diplómadeildunum svo framvegis yrðu að jafnaði 14 nemendur í hverri deild.

Haldinn var almennur kennarafundur 14. febrúar þar sem niðurstöður úr launaránnsókn Herdísar Ellenar Gunnarsdóttur voru kynntar. Alls mættu 25 kennarar. Í rannsókn Herdísar var gerður samanburður á launaþróun síðustu 10 ára hjá framhaldsskólakennurum, Listaháskóla Íslands, Myndlistaskólanum í Kópavogi og hjá félagsmönnum VR. Laun framhaldsskólakennara höfðu hækkað mest en laun í MÍR og LHÍ voru svipuð þegar tekið var mið af mislögum kennslustundum. Laun voru að jafnaði hærrí í Myndlistaskólanum í Kópavogi en þó voru einstaka námskeið betur borguð í MÍR, t.d. öll barnanámskeið. Mismunurinn á greiðslum helgaðist af undirbúningstíma sem greitt er fyrir í MÍR en hvergi annars staðar. Ingibjörg taldi vandkvæði á að bera saman venjulega framhaldsskóla og MÍR. Í flestum framhaldsskólum eru allir kennarar fastráðnir - í Myndlistaskólanum er hins vegar enginn kennari fastráðinn og deildarstjórar í stærri hlutfalli en annars staðar þekkist. Ef skólinn umreiknar allar kenndar stundir yfir í nemendaígildi þá ættu hér að vera um 170 nemendur í fullu námi, þeir eru hins vegar 500 – 600 á hverri önn. Einnig kemur í ljóst að í framhaldsskóla af þessari stærð (Menntaskólinn á Laugum eða Tröllaskaga) þá eru um 11 kennarar og 3 – 4 starfsmenn sem sinna öðrum störfum. Í Myndlistaskólanum eru 12 stöðugildi sem sinna öðrum störfum en kennsla og árið 2012 fóru 187 kennarar í gegnum launakerfi skólans. Það er því ljóst að störfum er skipt með öðrum hætti í Myndlistaskólanum en í öðrum skólum. Þó er mikilvægt að halda í launaþróun framhaldsskólakennara. Til að

finna leiðir til hagræðingar og vonandi launahækkana var kosið í nefnd. Í nefndinni sátu Ingibjörg, Áslaug, Björg, Elsa Dóróthea og Kolbeinn Hugi. Þegar hópur fór að funda var Kolbeinn hins vegar fluttur tímabundið til Berlínar og kom Halldóra þá inn í hópinn. Hluti af hópnum vann að því að útbúa launakönnun til að skoða hvaða hugmyndir fólk hefði um ýmis mál – til að mynda aukna ábyrgð og þá hærrí laun. Launakönnunin var send út í sumarbyrjun og voru svör heldur fá og var könnunin því send út aftur um haustið. Um miðbik haustannar hóf hópurinn að funda og fara yfir niðurstöður úr könnun og skoða hvaða möguleikar væru í spilunum. Engin niðurstaða fékkst á árinu en miðað var við að niðurstöður yrðu klárar í lok vorannar 2014 og hægt yrði að vinna eftir þeim áætlunum og hugmyndum á skólaárinu 2014 – 2015.



Í lok maí kom í ljós að ekki fengist áframhaldandi styrkur, frá Fjölmennit í gegnum Mími, til að vinna með hóp fatlaðra nemenda innan skólans. Gert hafði verið ráð fyrir að styrkur fengist til að hægt yrði að ljúka tilraunakennslu tveggja ára námsskrár sem verið hafði í þróun innan skólans. Einungis var búið að kenna fyrra árið af tveimur en skólinn hafði fengið styrk til að próa námsefni fyrir tveggja ára námsbraut. Eftir nokkrar málalengingar ákvað skólastjóri að sækja um styrk í úrræði sem kallast Nám er vinnandi vegur og fékkst 400 þ. styrkur til að ljúka verkefninu. Frá og með haustinu munu Fjölmennit ekki setja neina fjármuni í verkefnið en hins vegar sjá um innritun, auglýsingu og að innheimta skólagjöld af þátttakendum – auk þess að sinna ráðgjöf ef þurfa þykir. Kristinn G. Harðarson hefur borið hitann og þungann af verkefninu en Gerður Leifsdóttir, Didda Leaman og Margrét Norðdal hafa einnig hafa komið að með ýmsum hætti.

STARFSFÓLK

Inga Þórey Jóhannsdóttir deildarstjóri sjónlistadeildar var á listamannalaunum allt árið og fór í ársleyfi skömmu fyrir áramót. Bjarki Bragason verkefnisstjóri sem verið hafði á listamannalaunum og þar með í leyfi frá störfum við deildina síðari hluta árs 2012 kom aftur til starfa fyrir áramót. Ákveðið var að smám saman þyrfti að minnka starfshlutfallið á skrifstofu deildarinnar. Á vorönn voru Bjarki og Áslaug Thorlacius sem hafði leyst hann af um haustið í 160% starfi samanlagt. Þau skiptu með sér störfum og voru hvort um sig í 80% starfi, að hálfu leyti sem deildarstjóri og að hálfu leyti sem verkefnisstjóri. Á haustönn fór Bjarki að sinna verkefnum á bókasafni skólans, auk kennslu og öðrum verkefnum og Áslaug fór í 100% starf sem deildarstjóri og eini starfsmaður á skrifstofu sjónlistadeildar.

Að vori kaus Guðrúnu Hannesdóttur að fara á eftirlaun. Voru henni þökkun vel unnin störf á bókasafni skólans þar sem hún hafði starfað frá 1. september 2002. Hún hafði lengst af verið í 40% starfshlutfalli. Bjarka Bragasyni var boðið starf í hennar stað og viðvera á bókasafni aukin úr 63% í 76%. Aukning á viðverutíma starfsmanna á bókasafni er í takti við fjölgun kennslustunda.

Sigurlína Osuala leysti Ólöfu Erlu af sem deildarstjóra í Mótunardeild frá ágúst 2013 en Ólöf hafði fengið nokkur stór og tímafrek hönnunar og framleiðsluverkefni.

Krzysztof Kisielewski tók við starfi Vals Smára Stefánsson við þrif og umsjón í febrúar.

Á haustmisseri óskaði skólastjóri eftir eins árs leyfi frá og með haustmisseri 2014. Var það veitt og var Inga Þórey Jóhannsdóttir tilbúin að leysa skólastjóra af.

Baldur Bragason hóf störf á skrifstofu eftir sumarfrí í stað Hrannar Magnúsdóttur.

Í minningu Þorvaldar Þorsteinssonar myndlistamanns og rithöfundar sem lést 23. febrúar í Antwerpen þar sem hann var búsettur. Þorvaldur hafði þá nýlokið kennslutörn í skólanum í sjónlistadeild og í teiknadeild. Áður en Þorvaldur flutti af landi brott hafði hann verið gjöfull á hugmyndir sínar og hjálpað



til við uppbyggingu og hugmyndavinnu varðandi kennslu í sjónlistadeildinni – einkum íslenskunámið. Það er mikill sjónarsviptir að Þorvaldi og hann skilur eftir sig skarð sem erfitt er að fylla.



Þorvaldur Þorsteinsson með nemendum í áfanganum Íslenska I, haust 2011.

HÚSNÆÐISMÁL

Unnið var í því að gera nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu skólans til að uppfylla reglur um brunavarnir. Gunnar Einarsson var byggingarstjóri og sá um þessar framkvæmdir. Þegar breytingar voru gerðar á þriðju hæðinni árið 2011 var einnig lögð inn teikning af annarri hæð. Samkvæmt henni var gert ráð fyrir ýmsum breytingum, meðal annars að tölvuver yrði fært í rými sem nú er skrifstofurými og gangur yrði í gegnum kaffistofu og leirstofur sem einfaldaði flóttaleiðir úr skólanum. Unnið var eftir þessum teikningum þegar breytingar á þriðju hæð voru gerðar og gert ráð fyrir að breytingar á annarri hæð gætu fylgt síðar. Hins



vegar reyndist erfitt að láta þetta falla saman því nauðsynlegt var að tölvuverið kæmist strax í gagnið og eins var ekki hægt að biða með að stækka kaffistofu. Ýmsar ástæður hömluðu því að hægt væri að vinna eftir teikningum eins og þær höfðu verið lagðar inn og samþykktar. Þar sem ekki var hægt að vinna eftir þessu skipulagi þurfti að leggja inn nýjar teikningar af annarri hæð sem væru í takti við núverandi húsnæðisnotkun. Þetta var gert í ágúst 2013. Teikna þurfti upp allt rýmið og lagnir. Töluvert þurfti að bæta brunavarnir á annarri hæð til að uppfylla skilyrði byggingarfulltrúa. Meðal þess sem þurfti að gera var að klæða marga veggj með gífsi, setja löglegar brunahurðir í brunaslússur, klæða og setja brunahurðir

Myndir frá sumarnámskeiðum barna og teikningu 3.



á ræstikompur og ýmislegt fleira. Einnig þurfti að bæta raflagnir. Heildar kostnaður við framkvæmdir í húsinu var kr. 16,8 milljónir en en tæp 60% af þeim kostnaði tengist bættum brunavörnum. Vinna tengd bættum brunavörnum; smíðavinna 6,6m, rafmagn 2,1m.

Skólastjóri er formaður húsfélags Hringbrautar og sendi hann, fyrir hönd húsfélagsins, formlega kvörtun til Félagsbústaða. Athugasemdin var send í kjölfar voveiflegs andláts í íbúðum í tengibyggingu þar sem búa margir sem eru í neyslu og eiga við ýmis konar andlegan heilsubrest. Þessir einstaklingar fá enga aðhlyningu eða aðstoð og þykir aðilum í húsfélagi sem þetta fyrirkomulag geti einungis leitt til meiri vandræða og ógæfu, bæði fyrir þá sem þarna búa en einnig mögulega fyrir nágretta og alla þá sem þurfa að sækja þjónustu í JL húsið.

Fundur, heimsóknir, fyrirlestrar og ráðstefnur

Skólinn tók þátt í ráðstefnu í Háskóla Íslands sem haldin var af rannsóknarstofu um skapandi skólastarf. Brynhildur Þorgeirsdóttir sagði frá listbúðum í Fellaskóla ásamt Álfheiði Einarsdóttur frá Húsaskóla sem sagði frá upplifun almenns kennara af þátttöku í listbúðum. Einnig var Anna Hrunn Músdóttir með umfjöllun um stærðfræðikennslu ásamt Áslaugu Thorlacius.

Haldinn var umræðufundur í skólanum um mögulega notkun þrívíddarprentara í skólanum og var það gert í kjölfar þess að Brandur Karlsson og félagar léðu skólanum þrívíddarprentara til að gera tilraunir í kennslu.

Óskað var eftir að skólinn tæki þátt í umræðum á Höfn í Hornafirði varðandi uppbyggingu hugmyndahúss og var skólastjóra boðið til eins dags fundar á staðnum.

Skólastjóri hélt fjölda fyrirlestra í grunnskólum og leikskólum í borginni og nágrennasveitarfélögum um skapandi skólastarf. Töluvert eftirspurn var eftir umfjöllun um sköpun í kjölfar innleiðingar um nýja menntastefnu þar sem sköpun er einn af grunnþáttum menntunar.

Á sama tíma fékk skólinn góða heimsókn frá Norður Finnlandi en í bæjarfélaginu li þar sem búa um 10.000 manns var hrundið af stað átaki til að efla sköpun í öllum skólum svæðisins. Til að finna leiðir og hugmyndir heimsóttu tveir aðilar frá li skólann og tóku einnig þátt í ráðstefnunni um skapandi skólastarf. Í kjölfarið var skólastjóra og stærðfræðikennara boðið til Finnlands á á vormisseri 2014.

Á haustmisseri fékk skólinn heimsókn frá Glasgow School of Art og var tilgangur heimsóknar að kanna áhuga á samstarfi, einkum við textíildeild en einnig við aðrar deildir.

Skólastjóri og Margrét H. Blöndal stjórnarmaður funduðu 23. september með nýjum menntamálaráðherra og ræddu mikilvægi þess að sjónlistadeildinni yrði tryggð staða til framtíðar. Óskaði ráðherra eftir að greinagerð yrði send til ráðuneytis fljótlega eftir áramót og yrði málið þá skoðað. Hann sagði þó erfitt að lofa nokkru og að staða framhaldsskólanna væri mjög erfð. Um svipað leyti var skrifað undir framlengingu á fyrri samningi en hann var einungis til loka vormisseris 2014.

Fundað var með kennurum úr Fjölbraut í Breiðholti og Fjölbrautarskólanum í Garðabæ ásamt Shaunu Laurel listasögukennara í Myndlistaskólanum og Sigrúnu Ölbu frá Listaháskólanum. Tilgangur fundarins var að samræma kennsluefni og námskröfur. Rætt var að mikilvægt væri að hafa samráð - að það gæti bætt kennsluna og auðveldað ýmis verkefni.

Sjónlistadeild tók þátt í fjölda skólakynninga í grunnskólum á vormisseri og báru Áslaug og Bjarki hitann og þungann af þeim verkefnum.

Gengið var frá samningi við Kvennaskólann um samstarf skólanna hvað varðar kennslu í sjónlistadeild.

Stofnað var formlega nemendafélag í Myndlistaskólanum á haustmisseri. Ekki reyndist það nú mjög kröftugt og þarf að vinna í að styrkja þennan vettvang.

Styrkir – umsóknir

Styrkur fékkst frá Reykjavíkurborg til að fara af stað með útibú í Miðbergi fyrir börn og unglinga.

Sótt var um styrk til Reykjavíkurborgar að gera smíðjur og verkefni í tengslum við sýningu á Teiknibókinni í Gerðarsafni og fékkst sá styrkur á árinu 2014.

Sótt var um styrk til KreaNord með hönnunarháskólanum í Danmörku – Bornholm hlutanum, ásamt hönnunarháskólanum í Helsinki. Markmiðið umsóknar var að auka tengsl keramikdeilda skólanna við matarmenningu. Styrkur fékkst ekki.

Skólastýrur Myndlistaskólans og Kvennaskólans, þær Ingibjörg Jóhannsdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir með fyrsta hóp stúdenta sem útskrifaðist frá Myndlistaskólanum í samvinnu við Kvennaskólann.



BÓKASAFN

Árið 2013 störfuðu tveir bókasafnsfræðingar við Bókasafn Myndlis-taskólans í Reykjavík. Viðvera þeirra var fimm daga vikunnar, alla morgna, tvo daga til kl. 13:00 og þrjá til 14:00. Safnið var opið eftir það, án starfsmanns, þar til skólanum var lokað á kvöldin.

Bókasafnsfræðingarnir Guðrún Hannesdóttir og Herdís Tómasdóttir skiptu með sér störfum í safninu. Guðrún hætti störfum í apríl og tók Herdís þá einnig að sér hennar hluta fram að sumarfríi.

Á haustönn 2013 hóf Bjarki Bragason störf við bókasafn Myndlis-taskólans. Hann hafði frá vorönn 2011 gengt stöðu verkefnisstjóra við Sjonlistadeild. Starfshlutfall Bjarka var að jafnaði 18 klst. á viku en að auki sinni hann kennslu og ýmsum verkefnum við Sjonlistadeild. Nemendur Bjarka í ýmsum áföngum, svo sem skissubókaráfangi, sóttu ráðgjöf og samtal varðandi vinnu sína á bókasafnið.

Ákveðið var að koma upp aðstöðu til þess að skanna inn efni við nemendatölvuna á bókasafninu og var keyptur einfaldur skanni. Hann komst í gagnið á vorönn 2014.

Herdís hélt áfram starfi sínu í 40% hlutfalli. Viðveru á bókasafninu var breytt í fimm daga vikunnar frá 9:00 til 15:00 á haustönn.

Notkun útlánakerfisins í Gegni, Landskerfi bókasafna hefur aukist. Ekki er leyfilegt að hafa Gengi opinn, þegar starfsmaður er ekki á safninu. Því er enn í notkun eldri aðferð við útlán, þ.e. að fylla út þar til gerða útlánamiða. Verður að treysta á notendur að fylla út miðana, þegar starfsmaður er ekki við.

Notkun á bókasafninu hefur aukist, bæði útlán og not á staðnum. Veldur því bæði fjölgun nemenda í skólanum og að safnkosturinn er aðgengilegur í Gegni. Fólk utan skólans sækir einnig í safnið, kemur, skoðar og ljósritar. Það truflar ekki notkun á safninu, þar sem efni er ekki lánað út fyrir stofnunina.

Fjöldi lánþega bókasafnsins í Gegni voru u.þ.b.151, þ.e. þeir sem höfðu lánþegaréttindi í safninu.

Útlán í Gegni voru 743. Útlán voru alls rúmlega 1400 og hefur fjölgað aðeins frá árinu áður. Það eru bæði skráð útlán í Gegni og á útlánamiða. Nokkuð er þó um að útlán eru ekki skráð á miða og er sú áætlaða útlánatala tekin með.

12 tímarit, innlend og erlend eru í áskrift og eru þau töluvert skoðuð og notuð

Ákveðið var að kaupa nýjar hillur í bókasafnið frá Þjónustumiðstöð bókasafna (Softline, frístandandi stæða, samtals 30 hillur) og endur-

skipuleggja safnið. Hillurnar komu í nóvember og var það töluverð vinna að koma safnkostinum fyrir í nýjum hillum, skipuleggja og endurraða allt bókasafnið. Voru því gerðar þó nokkrar breytingar á safninu og er það nú opnara, bjartara og er vinnuaðstaða betri, bæði fyrir starfsfólk og nemendur.

Í safnið bættust um 440 rit á árinu, aðallega efni um myndlist, af því voru um 110 gjafir frá velunnurum safnsins, kennurum og gömlum nemendum. Gerðir eru aðfangalistar yfir nýtt efni og þeir sendir til deildarstjóra í lok hvernar annar. Alls eru fimm þúsund sjö hundruð fimmtíu og sex (5.756) eintök í eigu safnsins skráð í Gegni.

Fjölskylda Elsu E. Guðjónsson, textílfraeðings, færði safninu höfðinglega gjöf á árinu 2012. Það er mikill fjöldi rita, að meginhluta um textíl, útsaum, vefnað, knipl og fleira. Með nýju hillunum hefur skapast möguleiki á að koma meginhluta þess efnis fyrir í bókasafninu og mun þetta efni verða skráð og komið fyrir þar á sem bestan hátt.

Gallerí veggur var stofnað haustið 2004. Þar hafa sýnt í gegnum tíðina myndlistamenn, sem hafa starfað við skólann.



ALMENN NÁMSKEIÐ

ALMENN NÁMSKEIÐ Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Námskeið á vorönn

Á vorönn 2013 fóru af stað 6 námskeið í teikningu og módelteikningu, 5 í málun, 3 í leirkerarennslu og leirmótun og rennslu, 2 í vatnslitun og vatnslitun og teikningu og 1 í Form rými og hönnun (sjá töflu 1). Með nemendum í Grundvallaratriðum í keramiki voru samtals 159 nemendur skráðir á námskeið á vorönn.

Tafla 1	Fjöldi námskeiða
Teikning	4
Módelteikning	2
Málun	5
Leirmótun og rennsla	3
Vatnslitun	2
Form rými hönnun	1
Samtals:	17

Þar sem skráning hafði dalað undanfarin ár í teiknideild var tekin ákvörðun um að hafa teikninámskeið á kvöldin jafn löng og morgunnámskeiðin á haustönn, þ.e. 2 einingar í stað 3ggja. Hins vegar var ákveðið að bæta við hóp í leirkerarennslu á vorönn vegna mikillar eftirspurnar.

Fyrsti kennsludagur vorannar á almennum námskeiðum var mánudagurinn 14. janúar og sá síðasti miðvikudagurinn 8. maí. Páskafri var frá 23. mars – 2. apríl.

Sýningar vatnslitanemenda

Dagana 6.-28. apríl sýndu nemendur úr vatnslitahópi Hlífar Ásgrímsdóttur ásamt kennara sínum í Safnaskálanum á Safnasvæðinu á Akranesi en sýningin bar titilinn *Hús og hugarburður*. Myndefnið var klassískt, hús og fjöll, en hópurinn skapaði sitt eigið þorp í framhaldi af vettvangsferð sem farin var á Skagann. Sýnendur voru Björg Jónsdóttir, Elísabet Ragnarsdóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir Vestmann, Lóa Guðjónsdóttir, Nanna Sigurðardóttir, Reynir Einarsson, Sigríður Ólafsdóttir, Sigprúður Loftsdóttir, Steiney Björk Halldórsdóttir og Þórdís Thoroddsen. Nemendur í Vatnslitun og teikning sýndu einnig á sýningunni *Myndlistarverk margfaldast* ásamt nemendum við barna- og unglingadeild, þar sem unnið var út frá verki Olgu Bergmann, Safni. Sýningin stóð dagana 13.-28. apríl. Nemendurnir sem áttu verk á þeirri sýningu voru Bryndís Gunnarsdóttir, Dagbjört Elva Sigurðardóttir, Inga Guðmunda Aradóttir, Ingibjörg Sólveig B. Kolka, Kristjana Vilhjálmssdóttir, María Hrönn Gunnarsdóttir, Rós Óskarsdóttir, Rósa Guðmundsdóttir og Þórunn Sigþórsdóttir.

Nemendaverk á opnu húsi

Sumardaginn fyrsta, 25. apríl, var haldið opið hús í húsnæði Myndlistaskólans að Hringbraut frá kl.13.00-17.00. Þar sýndu hátt í 400 nemendur á aldrinum 4-85 ára verk sín, m.a. allir nemendur á námskeiðum á vorönn. Á sama tíma var einnig opnuð sýning 12 nemenda skólans sem var hluti af *List án landamæra*


hátíðinni. Sýnendur voru Egill Steinþórsson, Gauti Árnason, Gauti Ásgeirsson, Gígja Garðarsdóttir, Kolbeinn Jón Magnússon, Gréta Guðbjörg Zimsen, Guðmundur Stefán, Ingi Hrafn Stefánsson, Ólafur Þormar, Ólafur Birgir og Sigurður Reynir Ármannsson

Dregið úr djúpi – Sýning nemenda í Bókasafni Seltjarnarness

Nemendur úr Frjálsri málun sýndu verk sín á sýningunni *Dregið úr djúpi* á Bókasafni Seltjarnarness, Eiðstorgi, 19. apríl-17. maí. Titillinn vísaði bæði í vinnuaðferðir málaranna og líka til þess að þeir eru allir komnir yfir miðjan aldur og eiga því í djúpan reynslubrunn að sækja. Hópurinn hefur notið tilsagnar margra kennara skólans en skólaárið 2012-13 kenndi Sigtryggur B. Baldvinsson hópnum. Sýnendur voru Edda Guðmundsdóttir, Gísli Kristjánsson, Georg Róbert Douglas og Jón Grétar Ingvason.

Sumarnámskeið

Sumarnámskeiðið *Töfrar litanna* var haldið dagana 18.- 21. júní. Skráningin var lengi að fara af stað þó hún hafi svo tekið kipp stuttu fyrir námskeiðið og ljóst að fólk er hikandi við að binda sig svona yfir hásumartímann. Kennari var J.B.K. Ransú og nemendur höfðu margir hverjir sótt námskeið við Myndlistaskólann um veturinn. Eins og greint er nánar frá í kaflanum um starfsemi barna- og unglingadeildar var haldið fjögurra daga endurmenntunarnámskeið, *Hreyfimyndagerð – Fjögur sjónarhorn*, dagana 8.-13. ágúst fyrir kennara og aðra áhugasama. 30 kennarar tóku þátt í námskeiðinu sem samanstóð af fjórum ólíkum vinnustofum í hreyfimyndagerð og fyrirlestrum frá fólki sem hafði fengist við hreyfimyndagerð með ólíkum hætti. Námskeiðið var í samstarfi við Félag Íslenskra myndlistakennara.



Námskeið á haustönn

Á haustönn höfðu kvöldnámskeið í Teikningu 1 og 2 verið stytta í tveggja eininga námskeið, eða jafn löng og morguntímar í teikningu og námskeið í málun. Þetta gaf mjög góða raun og náðu skráningar á haustönn sama fjölda og verið hafði árið 2010, en 234 nemendur voru skráðir á 23 almenn námskeið á haustönn 2013 (með Grundvallaratriðum í keramiki)

Skráningin í teiknihópana var raunar svo mikil að bætt var við tveimur námskeiðum í Teikningu 1 vegna eftirspurnar. Þessa önn bættist líka við stór hópur nemenda sem sóttu nýtt námskeið í listasögu sem Einar Garibaldi Eiríksson hafði umsjón með. Námskeiðið hét *Litatúban og ljósmyndin* og var 10 vikur að lengd, kennt að lokinni kennslu annarra námskeiða á miðvikudagskvöldum. Þar fjallaði Einar Garibaldi um helstu strauma og stefnur í alþjóðlegri myndlist á tímabilinu 1850-2000. Mikil ánægja var með námskeiðið og fór stór hluti nemenda að því loknu í ferð með Einari til Parísar þar sem söfn og sýningar voru heimsótt.

Haldið var fimm daga námskeið í rennslu fyrir fagfólk dagana 23. -27. september. Kennari var Christian Bruun, sem kenndi á sama tíma í diplómanámi í mótun við skólann.

Námskeið á haustönn 2013 fóru fyrir af stað en vanalega þar sem ákveðið var að ljúka kennslu fyrir áramót í stað þess að hafa einn tíma á haustönn eftir áramót eins og undanfarin ár. Skráning hófst því snemma í ágúst og reyndist vel að fara svo snemma af stað. Fyrsti kennsludagur haustannar var miðvikudagurinn 11. september og sá síðasti þriðjudagurinn 17. desember.

Námskeið fyrir kennara

Haldið var námskeið í silkiprykki fyrir kennara í barna- og unglingadeild tvö kvöld í mars, mánudaginn 11. mars og

þriðjudaginn 12. mars. Hámarksfjöldi þátttakenda var 11 nemendur og þar sem nokkur pláss voru laus bauðst öðrum kennurum skólans einnig að skrá sig. Farið var yfir helstu aðferðir við silkiprykk, lýst á ramma og prykk með vatnsuppleysanlegum akrillitum. Kennari var Helga Pálína Brynjólfsdóttir. Þorbjörg Þorvaldsdóttir hélt síðan áfram að prykkja með nemendum sínum Teiknun málnun grafík fyrir 13-16 ára.

Fimmtudaginn 5. september var haldið skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða krossins fyrir kennara við Myndlistaskólann. Námskeiðið var fjögurra klukkustundalengt, farið var yfir fjögur skref skyndihjálpar, grunnendurlífgun og sjálfvirkt hjartastuð, skyndihjálpar og bráð veikindi og sálrænan stuðning. Þátttaka var mjög góð, 18 kennarar sóttu námskeiðið og 2 kennarar sem ekki komust þennan dag sóttu sambærilegt námskeið hjá Rauða krossinum í október.



Myndir frá Opnu húsi sem haldið var á Sumardaginn fyrsta.



BARNA- OG UNGLINGAÐEILD

NÁMSKEIÐ VIÐ BARNA- OG UNGLINGAÐEILD



Sumarnámskeið Birtingarmyndir í litum, tónum og formum - Kennarar Margrét H. Blöndal og Margrét Kristín Blöndal.

Sumarnámskeið Leir og málun - Kennarar Guðbjörg Káradóttir og Anna Hallin.

Sumarnámskeið Silfrur trítlar og hobbitabú - Kennarar Elsa Dóróthea Gísladóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir.

Námskeið á vorönn

Boðið var upp á sömu námskeið og á haustönn 2012, þar sem námskeið í barna- og unglingsdeild eru byggð upp sem heilsvetrarnámskeið þó að nemendur geti skráð sig í eina önn ef þeir kjósa. Tveimur námskeiðum var að auki bætt við á vorönn vegna eftirspurnar, öðru fyrir 4-5 ára og hinu fyrir 6-9 ára. Fjöldi námskeiða á vorönn og fjöldi nemenda í hverjum aldurshóp á vorönn má sjá í töflu 1.

Af þeim 204 nemendum sem sóttu námskeið við barna- og unglingsdeild á vorönn voru 168 með lögheimili í Reykjavík, 36 voru með lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins, flestir á Seltjarnarnesi, í Kópavogi og Garðabæ (sjá töflu 2). 17 nemendur voru á biðlistum námskeiða á vorönn 2013 þar sem langflest námskeiðanna voru fullbókuð.

Tafla 1	Fjöldi námskeiða	Nemendur samtals
4-5 ára	5	30
6-9 ára	11	87
8-11 ára	2	19
8-12 ára	1	11
10-12 ára	4	33
13-16 ára	3	24
Samtals	26	204

Tafla 2	Vorönn 2012
Nemendur með lögheimili í Rvk	168
Nemendur með lögheimili utan Rvk	36
Nemendur samtals	204

Að vanda voru haldin almennari námskeið í myndlist í yngstu aldurshópunum en í þeim eldri var boðið upp á námskeið eins og *Teiknun-málun-grafík, Leirrennsla og mótun, Leirrennsla og skúlpúr, Videó- og hreyfimyndagerð og Myndasögur*. Námskeiðin voru öll 13 vikur að lengd eins og síðustu annir. Eitt námskeið var kennt í aldurshópnum 8-11 ára í útibúi Myndlistaskólans að Bakkastöðum Grafarvogi.

Kennsla á vorönn í barna- og unglingsdeild fór fram 16.janúar- 4.maí 2013, páskafrí stóð yfir frá 22.mars til 2.apríl.

Kennarar á námskeiðum í barna- og unglingsdeild á vorönn voru: Anna Hallin, Baldur Björnsson, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðný M. Magnúsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Inga María Brynjarsdóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, J.B.K. Ransú, Karlotta Blöndal, Margrét H. Blöndal, Ragnheiður Gestsdóttir, Sigríður Helga Hauksdóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir.

Námskeið í dymbilviklu

Boðið var upp á þrjú námskeið í dymbilviklunni **25.-27.mars**. Elsa Dórothea Gísladóttir og Guðrún Vera Hjartadóttir höfðu umsjón með námskeiðinu Dvergar, trítlar og hobbitabú sem haldið var fyrir 6-9 ára og 10-12 ára. Magnea Einarsdóttir setti upp námskeið í fatahönnun með áherslu á svonefnt „upcycling“ fyrir 13-16 ára. Ekki náðist næg þátttaka á unglínganámskeiðið í dymbilviklunni en það átti síðan eftir að fyllast fljótt þegar það var sett upp um sumarið. Alls tóku 19 nemendur þátt í námskeiðum í dymbilviklu, 12 í aldurshópnum 6-9 ára og 7 í aldurshópnum 10-12 ára.

Sumarnámskeið

Mjög góð skráning var á sumarnámskeiðin sumarið 2013 enda höfðu kennarar í barna- og unglíngadeild sett saman fjölbreytt og spennandi námskeið sem hægt var að velja úr. Boðið var upp á námskeiðin Birtingarmyndir í litum, tónum og formum, Litir og litatilraunir og Silfrur, trítlar og hobbitabú fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Fyrir 10-12 ára var boðið upp á Myndræna sagnagerð og Útiskúlptúra og fyrir 8-12 ára var haldið tveggja vikna námskeið í Leir og málun. Fyrir 13-16 ára voru haldin námskeið í teikningu og fatahönnun („upcycling“). Tvö námskeið voru einnig haldin fyrir 4-5 ára þar sem unnið var með Silfrur, trítla og hobbitabú. Námskeiðin voru haldin í vikunum 10.-14. júní, 18.-21. júní, 24.-28. júní, 6.-9. ágúst og 12.-16. ágúst og voru 4, 5 eða 9 dagar að lengd, kennd í 2 og hálfan tíma fyrir eða eftir hádegi. Skráningin var svo góð að bæta þurfti við námskeiðum til að reyna að saxa á biðlistana sem mynduðust en sjá má fjölda skráninga í töflu 3.

Tafla 3	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
4-6 ára	2	12
6-9 ára	16	119
8-11 ára	2	15
10-12 ára	3	22
13-16 ára	2	25
Samtals	25	193

Unnið út frá ævintýrum og Íslensku teiknibókinni.



Kennarar á sumarnámskeiðum voru: Anna Hallin, Baldur Björnsson Elsa Dórothea Gísladóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðrún Vera Hjartadóttir, Magnea Einarsdóttir, Margrét H. Blöndal, Margrét Kristín Blöndal og Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir

Námskeið á haustönn

Á haustönn var þónokkur aukning í skráningum á námskeið í barna- og unglíngadeild eða 15,7% miðað við haustönn 2012. Samtals voru 221 nemandi skráður á námskeið í deildinni á haustönn 2013 og dreifðust þeir eins og sést í töflu 4.

Tafla 4	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
4-5 ára	5	30
6-9 ára	12	97
8-11 ára	1	10
8-12 ára	2	19
10-12 ára	5	46
13-16 ára	2	19
Samtals	27	221

Af þessum 221 nemenda voru 185 skráðir með lögheimili í Reykjavík en 36 utan Reykjavíkur, þar af flestir á Seltjarnarnesi eða í Kópavogi.

Tafla 5	Haustönn 2012
Nemendur með lögheimili í Rvk	185
Nemendur með lögheimili utan Rvk	36
Nemendur samtals	221

Námskeið á haustönn voru haldin frá 20. september-15. janúar en hvert námskeið var kennt í 13 vikur, fyrir utan námskeiðin sem kennd voru í Miðbergi sem voru 10 vikur að lengd. Vetrarfrí var sömu daga og í grunnskólum Reykjavíkur frá og með 18.-22. október. Metskráning var á námskeið á haustönn 2013 og voru stofur barnadeildar og almennra námskeiða fullnýttar.

Kennarar á námskeiðum í barna- og unglíngadeild á haustönn voru: Anna Hallin, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðný M. Magnúsdóttir, Guðný Rúnarsdóttir, Guðrún Vera Hjartadóttir, Harpa Rún Ólafsdóttir, Halldóra Ingimarsdóttir, Hildur Steinþórsdóttir, Karí Ósk Grétudóttir, Inga María Brynjarsdóttir,





Ína Salóme Hallgrímsdóttir, J.B.K: Ransú, Karlotta Blöndal, Margrét H. Blöndal, Ragnheiður Gestsdóttir, Sigríður Helga Hauksdóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir og Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir.

Námskeið í Miðbergi

Barna- og unglingsdeild Myndlistaskólans fékk úthlutað almennum styrk frá skóla- og frístundaráði til að fara af stað með námskeið í Breiðholti á haustönn 2013, sem var einstaklega ánægjulegt. Sett voru upp námskeið fyrir 6-9 ára og 10-12 ára og tók Brynhildur Þorgeirsdóttir, myndlistarmaður og kennari að sér að hafa umsjón með námskeiðunum. Ákveðið var að hafa þau 10 vikur að lengd. Mikil skráning var í 6-9 ára hópinn sem var fljótur að fullbókast og því var ákveðið að breyta 10-12 ára hópnum í 8-12 ára hóp þannig að sem flestir sem hefðu áhuga gætu skráð sig. Námskeiðin fóru fram í listasmiðjunni í Miðbergi sem skólinn leigði fyrir starfsemina tvo eftirmiðdaga í viku og stóðu þau frá 8. október til 17. desember. Myndlistaskólinn fékk einnig styrk frá Hverfissjóði Reykjavíkur til að fara af stað með námskeið fyrir 13-16 ára um haustið 2013 en því miður náðist ekki nægur þátttakendafjöldi til að fara af stað með það námskeið.

Eins og sjá má á meðfylgjandi kökuritum var samsetning nemendahópanna í Miðbergi allt önnur en á námskeiðum í barna- og unglingsdeild sem fóru fram á Hringbraut og því óskandi að áframhaldandi fjármagn fái til að halda útibúinu í Breiðholti úti áfram til að hægt sé að bjóða börnum sem búa í hverfum langt frá vesturbænum upp á myndlistarnámskeið.



Listbúðirnar Heimur dýranna í Fellaskóla

Listbúðirnar *Heimur dýranna* voru settar upp í Fellaskóla um haustið 2013, en árið áður hafði Myndlistaskólinn einnig fengið listasmiðju Fellaskóla til afnota undir listbúðaverkefnið. Að þessu sinni voru

listbúðirnar haldnar vikurnar 23.-27. september og 30. september-3. október fyrir alla nemendur og kennara í 3. bekk í Fella- og Hólabrekkuskóla.

Nokkrum dögum fyrir listbúðirnar var haldið endurmenntunarnámskeiði fyrir kennarana bekkjanna sem fór fram í Myndlistaskólanum. Þar var farið yfir verkefni framundan og kennarar fengu sjálfir að spreya sig á þeim. Listbúðirnar hófust síðan á því að líffræðingur heimsótti nemendur og ræddi við þá um ólíka eiginleika og einkenni dýra, og hvers vegna þau líta út eins og þau gera. Einnig voru fengin að láni uppstoppuð dýr frá Náttúrufræðistofnun Kópavogs. Nemendur unnu síðan að ýmsum skapandi rannsóknarverkefnum þar sem þau bjuggu m.a. til sín eigin dýr sem gædd eru ákveðnum eiginleikum sem réðu útliti þeirra. Á síðasta degi beggja listbúða var svo fjölskyldum barnanna svo boðið á sýningu sem haldin var á verkum þeirra. Umsjónarmenn listbúðanna voru þær Elsa Dóróthea Gísladóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir, myndlistarmenn og kennarar við Myndlistaskólann.

Listbúðir	Haust 2013
Fjöldi þátttakenda úr Hólabrekkuskóla	57
Fjöldi þátttakenda úr Fellaskóla	36
Fjöldi þátttakenda á endurm.námskeiði f. kennara	8

Leikskólasamstarf

Vorið 2013 var haldið áfram samstarfinu við leikskólana Miðborg og Bakkaberg sem höfðu verið valdir úr hópi umsækjenda sem þátttakendur í leikskólasamstarfinu veturinn 2012-13. 3. og 4. Janúar fóru fram endurmenntunarnámskeið fyrir allt starfsfólk leikskólanna tveggja sem stóðu yfir frá kl.9.00-15.00. Elsa Dóróthea Gísladóttir og Guðrún Vera Hjartadóttir sem höfðu umsjón með leikskólasamstarfinu sáu um kennslu á endurmenntunarnámskeiðunum og létu þátttakendur sem fyrr í ljós mikla ánægju með daginn í kennslumati sem lagt var fyrir þá. Börn frá báðum leikskólum héldu áfram að koma í 7 barna hópum, í 6 skipti hver hópur, einu sinni í viku í Myndlistaskólann. Þegar Bakkaberg var valið til þátttöku var alls óvíst hvernig myndi ganga með ferðalög barnanna af Kjalarnesi en óhætt er að segja að þau hafi gengið afskaplega vel og börnin voru ánægð með upplifunina. Þau fengu til afnota eina kennslustofu til að borða nestið sitt áður en að tíminn hófst og gátu því hvílt sig aðeins eftir strætóferðina áður en að tíminn í Myndlistaskólanum hófst.

Leikskólasamstarf (Miðborg og Bakkaberg)	Vor 2013
Fjöldi barna	28
Fjöldi starfsmanna á endurm.námskeiðum	66

Leikskólasamstarf (Rauðaborg og Grandaborg)	Haust 2013
Fjöldi barna	28

Leikskólarnir Grandaborg og Rauðaborg voru valdir úr hópi umsækjenda fyrir samstarfið veturinn 2013-14. Verkefnið hélt áfram með sama sniði og áður nema skera þurfti heimsóknir hvers hóps niður um eitt skipti vegna rýrnunar á fjármagni, svo hver sjö



Blað skæri stóll Listasmiðja í Norræna húsinu



Blað skæri stóll Listasmiðja í Norræna húsinu

barna hópur kom nú í 5 skipti í Myndlistaskólann. Elsa Dórothea og Guðrún Vera sáu áfram um kennslu hópanna.

Önnur verkefni

Á meðal annarra verkefna sem unnin voru á vegum barna- og unglingsdeildar á árinu 2013 má nefna eftirfarandi:

Listasmiðjur – Laugardaginn **16. mars** voru haldnar þrjár listasmiðjur fyrir börn á aldrinum 6-12 ára og foreldra þeirra í Norræna húsinu sem þær Ína Salóme Hallgrímsdóttir og Brynhildur Þorgeirsdóttir, myndlistarmenn og kennarar við skólann, höfðu umsjón með. Reykjavíkurborg, Sorpa og Norræna húsið kostuðu verkefni en það var unnið í tengslum við Hönnunarmars 2013 og átakið *Pappír er ekki rusl sem Reykjavíkurborg* stóð fyrir. Í listasmiðjunum var unnið með það mikla úrval af pappír sem fer í bláu tunnurnar; mjólkurfurnur, eggjabakka, pítsukassa o.fl. og gerðir skrautlegir og skemmtilegir stólar. Þátttaka var ókeypis. Upphaflega stóð til að hafa smiðjurnar tvær en skráningin var svo góð að sett var upp þriðja smiðjan og var mikil ánægja með verkefnið. Fyrir vikið hafði Reykjavíkurborg aftur samband við skólann og bað um að sambærilegar smiðjur yrðu settar upp í tengslum við alþjóðlega Nýtniviku 16.-24. nóvember. Listasmiðjurnar *Nýtum og njótum* voru því settar upp í Norræna húsinu sunnudaginn 17. nóvember og sáu Ína Salóme Hallgrímsdóttir og Kristín Reynisdóttir um þær tvær smiðjur. Einnig var leitað til skólans varðandi listsmiðjur í tengslum við afmælisýningu Þjóðminjasafnsins, *Silfur* og sáu Sólveig Aðalsteinsdóttir og Hildur Ýr um smiðjurnar. Einnig tók skólinn þátt í krikjulistahátíð í Hallgrímskirkju í ágúst en þá sáu þær Margrét H. Blöndal og Margrét Kristín Blöndal um kennslu.

Myndlistaverk margfaldast – Í samvinnu við Þjóðmenningarhúsið og Listasafn Íslands var aftur efnt til samstarfsverkefnis og sýningar þar sem unnið var út frá einu verki af sýningunni Þúsund ár í Þjóðmenningarhúsinu. Að þessu sinni varð verkið *Safn* eftir Olgu Bergmann fyrir valinu. Myndlistarkennurum grunnskólanna hafði um haustið 2012 verið boðið að taka þátt í verkefninu og voru verk þriggja grunnskóla, Dalskóla, Grandaskóla og Laugarlækjarskóla sýnd í Listasafni Íslands á sama tíma og verk nemenda af

námskeiðum Myndlistaskólans í Reykjavík voru sýnd í kjallara Þjóðmenningarhússins. Sýningarnar voru opnaðar laugardaginn **13. apríl** og léku nemendur úr skólahljómsveit Austurbæjar fyrir gesti í Listasafni Íslands og Olga Bergmann spjallaði við sýningargesti um verk sitt Safn og dularfulla vísindamanninn doktor Bergmann. Sýningarnar voru hluti af Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Þorbjörg Þorvaldsdóttir og Halldóra Ingimarsdóttir settu upp sýninguna í Þjóðmenningarhúsinu og Sigríður Melrós Ólafsdóttir setti upp sýninguna í Listasafni Íslands.

Norden Rundt – Sýningin Norden Rundt sem nemendahópur frá skólanum tók þátt í var sett upp við Norræna húsið þriðjudaginn **23. apríl**. Sýningin samanstóð af fimm gámum sem nemendur frá Álandseyjum, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi höfðu unnið verk í ferðalag sýningarinnar hófst í Nuuk í september árið 2012. Gámarnir höfðu síðan ferðast á milli allra landanna og var Reykjavík lokaáfangastaðurinn. Á sýningaropnuninni í Norræna húsinu sögðu nemendurnir sem tóku þátt í verkefninu frá Myndlistaskólanum frá vinnunni og heimsókn þeirra til Nuuk, en þau höfðu unnið innsetningu með skuggateikningu af lítilli veröld eða borg þar sem ákveðin fyrirbæri og byggingar minntu á Ísland. Kennari nemendahópsins sem tók þátt í sýningunni á vegum Myndlistaskólans var Þorbjörg Þorvaldsdóttir.

Opið hús og listasmiðjur – Opið hús var haldið í Myndlistaskólanum Sumardaginn fyrsta, **25. apríl**. Þar sýndu allir nemendur barna- og unglingsdeildar verk, eins og nemendur úr öðrum deildum skólans. Boðið var upp á ókeypis listasmiðjur, *Flugur og flygildi*, fyrir börn á aldrinum 6-12 ára og fylgdarmenn þeirra sem Hildigunnur Birgisdóttir, myndlistarmaður og kennari við skólann sá um. Nemendur í hreyfimyndagerð stóðu einnig fyrir bíósýningum inni á bókasafni skólans og Guðný Magnúsdóttir sýndi leirkerarenslu á verkstæði.

Vegglistaverk nemenda – Í júlímánuði unnu 7 nemendur unnu vegglistaverk á vegg Klappar við Brekkustíg að beiðni Klappar Vináttufélags sem hafði fengið styrk fyrir verkefninu úr Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar. Nemendurnir sem valdir til

verksins höfðu allir sótt námskeið við Myndlistaskólann, voru búsettir í hverfinu og á aldrinum 13-16 ára. Hugmyndin var þannig að gefa unglingum færi á að hafa bein áhrif á hverfi sitt um leið og veggir Klappar fengju nýtt líf. Nemendahópurinn var afar áhugasamur, skissu- og hugmyndavinna fór fram í húsnæði Myndlistaskólans og síðan var hafist handa við að mála á veggjum Klappar. Kennari hópsins var Baldur Björnsson.

Hreyfimyndagerð – Fjögur sjónarhorn -

Endurmenntunarnámskeið fyrir kennara sem sett var saman að beiðni Félags íslenskra myndlistarkennara og ætlað félagsmönnum þeirra og öðrum áhugasömum kennurum. Námskeiðið stóð yfir í fjóra daga í ágúst og sáu Elsa Dóróthea Gísladóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir og Þorbjörg Jónsdóttir um kennslu. Námskeiðið var styrkt af KÍ og SEF (Rannís).

Endurmenntun starfsmanna leikskóla á Höfn í Hornafirði –

Endurmenntunarnámskeið fyrir starfsfólk leikskólanna Krakkakots og Lönguhóla á Höfn í Hornafirði, haldið að beiðni fræðslustjóra sveitarfélagsins, en starfsfólkið hafði sérstaklega óskað eftir endurmenntun tengdri myndlist. Umsjón með námskeiðunum höfðu Elsa Dóróthea Gísladóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir.

Endurmenntun starfsmanna Tjarnarborgar/Öldukots –

Endurmenntunarnámskeið fyrir starfsfólk á sameinuðum leikskóla Tjarnarborgar/Öldukots. Hluti starfsmanna hafði tekið þátt í leikskólasamstarfi Myndlistaskólans fyrir sameiningu og vildu stjórnendur leikskólans því gefa öðrum starfsmönnum kost á að sækja samskonar endurmenntunarnámskeiði hjá

Myndlistaskólanum og aðrir starfsmenn höfðu sótt. Umsjón hafði Hildigunnur Birgisdóttir.

Íslenska **teiknibókin – Listasmíður og verkefni** – 4 listasmíður skipulagðar fyrir börn á aldrinum 8-16 ára í tengslum við sýninguna á Íslensku teiknibókinni á Gerðarsafni. Einnig voru unnin verkefni sem voru aðgengileg kennurum sem komu með nemendahópa á sýninguna og sett upp á kveikjan.is. Unnið í samstarfi við Gerðarsafn og Stofnun Árna Magnússonar. Umsjón með smíðunum höfðu: Sólveig Aðalsteinsdóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Baldur Björnsson, Inga María Brynjarsdóttir, Bjarni Hinriksson, Guðrún Vera Hjartardóttir og Karí Ósk Grétudóttir.

Styrkir

Almennur styrkur frá Skóla- og frístundasviði fyrir námskeiðum í Breiðholti fyrir 6-12 ára.

Styrkur frá Hverfissjóði fyrir námskeiði fyrir 13-16 ára unglinga í Breiðholti. Ekki náðist næg þátttaka til að fara af stað með námskeiðið en sótt var um að fá að nýta styrkinn fyrir námskeið fyrir 6-12 ára í Breiðholti á vorönn 2014.

Styrkir frá Kennarasambandi Íslands og Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF/Rannís) fyrir endurmenntunarnámskeiði í samstarfi við FÍMK.



Vegglistaverk 13-16 ára nemenda á veggjum Klappar við Brekkustíg og verk 6-9 ára nemenda á sýningunni Myndlistaverk margfaldast.



SJÓNLISTADEILD

Vorönn 2013

14 nemendur voru í sjónlistadeild 1 í upphafi ársins. 2 hættu af fjárhagsástæðum eftir módelteikningu 2 og 1 var skömmu síðar vísað úr skóla vegna ástundunar. 11 nemendur luku námi við deildina um voríð.

23 nemendur stunduðu nám við sjónlistadeild 2. 8 höfðu þegar lokið stúdentsprófi. 9 nemendur voru í fyrsta hópi nýstúdenta frá Myndlistaskólanum. 6 luku önninni án þess að ljúka stúdentsprófinu en af þeim komust 2 áfram í nám á næsta skólastigi. 2 ákváðu að vera eitt ár til við skólann til að ljúka stúdentsprófinu.

17 nemendur voru í sjónlistadeild 3 á vorönn en ekkert brottfall var í þeim hópi.

Alls hófu 54 nemendur nám við deildina í janúar en þegar skólaárinu lauk var 51 í hópnum.

Nemendur í sjónlistadeild 3 höfðu átt að ljúka áfanganum margmiðlun 2 fyrir áramót en vegna anna hjá kennurum náðist það ekki. Kennslu við áfangann lauk um miðjan febrúar.

Áfangar sem kenndir voru yfir alla önnina

Sjónlistadeild 1 var í íslensku 2 hjá **Elínborgu Ragnarsdóttur** kennara við Kvennaskólann. Kennt var tvo morgna í viku. Í áfanganum var lögð rík áhersla á lestur mismunandi bókmenntatexta. Í því skyni lásu nemendur margs konar bókmenntir, svo sem íslenskar glæpasögur, þjóðsögur, ljóð, leikrit, barnabækur, smásögur, goðakvæði, goðsögur og skáldsögur. Nemendur skoðuðu tengsl bókmennta við aðra miðla, til dæmis myndlist, kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Í tengslum við lesturinn unnu nemendur margs konar verkefni, t.d. teiknimyndasögur og handrit að leikriti eða kvikmynd í því augnamiðið að þjálfast í að tjá sig og nota tungumálið með fjölbreyttum hætti.

Nemendur í sjónlistadeild 1 voru í **ensku 2** hjá **Louise Harris** tvisvar í viku. Í áfanganum var lögð áhersla á að auka lestrargetu nemenda og þróa hæfni þeirra í ritun, hlustun og munnlegri frásögn. Nemendur kynntust verkum ólíkra listamanna og skiluðu skriflegum greinargerðum þar sem áhersla var á orðaforða um huglæg fyrirbæri og listræn viðfangsefni. Nemendur héldu dagbækur um eigin vinnu í verklegum áföngum sem ætlað var að þjálfu þau í að fjalla um eigin verk, jafnframt því að nýtast þeim þegar þau færu að sækja um áframhaldandi nám. Ennfremur lásu þau eina skáldsögu og skiluðu nokkrum stuttum ritgerðum í tengslum við lesturinn. Louise fór ennfremur með nemendum í vettvangsferðir á söfn og sýningar.

Shauna Laurel Jones kenndi **listasögu 2** í sjónlistadeild 1. Efni áfangans spannaði tímabilið frá fornöld fram á miðja 16. öld. Kennslan fór fram á ensku en nemendur höfðu val um að lesa námsefnið og skila verkefnum og prófum á íslensku eða ensku. Áhersla var lögð á myndlýsingu og nákvæma skoðun og greiningu einstakra verka. Nemendur skiluðu smærri verkefnum ásamt

ritgerðum, miðannar- og lokaprófi og var frammistaðan metin samkvæmt símati.

Shauna Laurel Jones kenndi líka **listasögu 4** en áfanginn var tvískiptur og fengu nemendur 2 einingar fyrir hvorn hluta. Annarsvegar voru nemendur í almennri listasögu þar sem farið var yfir tímabilið frá því snemma á 19. öld til samtímans. Hinsvegar voru nemendur í hönnunarsögu. Nemendahópurinn var mjög stór en í honum voru bæði nemendur í sjónlistadeild 2 og 3.

Einar Garibaldi Eiríksson kenndi **listheimspeki og menningar-læsi 2**. Í áfanganum sem kenndur var einu sinni í viku var lögð áhersla á hugmyndir og kenningar úr sögu og samtíma sjónlistanna og miðaðist kennslan við að auka skilning nemenda á samhengi og uppruna þeirra hugmynda sem móta umhverfi þeirra. Fjallað um fagurfræði, hámenningu, lágmenningu og dægurmenningu í þeim tilgangi að efla nemendur í að greina upplýsingar með gagnrýnum hætti og setja í samhengi við verklega hluta námsins með það að markmiði að geta tekið þátt í margbrotinni og frjórri umræðu og fært rök fyrir skoðunum sínum. Nemendur unnu ýmis verkefni, bæði sem einstaklingar og í hópum, skrifleg og verkleg.

JANÚAR

Vorönnin hófst 7. janúar með **módelteikningu 2** í hópum 1 og 3. Áfanginn stóð í 3 vikur en nemendur skiptust í 3 hópa og voru hverja vikuna hjá sínum kennara. **Margrét H Blöndal** og **Sólveig Aðalsteinsdóttir** kenndu teikningu útrá ólíku sjónarhorni. Sólveig lagði áherslu á að dýpka þekkingu nemenda á beina- og vöðvabyggingu mannlíkamans. Jafnframt fór hún með nemendur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn þar sem þau skoðuðu líkamsbyggingu dýranna. Margrét vann með fjölbreyttar aðferðir og nemendur gerðu tilraunir, t.d. með margvísleg teikniáhöld og óvenjulegar stöður og dansandi módel. Hjá **Ragnhildi Stefánsdóttur** unnu nemendur með jarðleir og mótuðu bæði líkamann sem heild í þrívídd og gerðu nákvæma eftirmynd af fæti. Ólöf Ingólfsdóttir dansari kom í heimsókn í módel 2 og talaði um líkamann í rými.

Sjónlist 2 byrjaði önnina í lokaáfanganum í margmiðlun, **margmiðlun 3**. Í þeim áfanga vinna nemendur sjálfstæð verkefni á breiðu sviði en þau velja milli þess að vinna með ljósmyndir eða vídeó annars vegar og tölvu hinsvegar. **Erla Stefánsdóttir** kenndi ljósmyndun og **Helga Óskarsdóttir** tölvu. **Þórdís Jóhannesdóttir** hélt fyrirlestur og kynnti m.a. hvernig nota má þrívíddarteikniforrit, t.d. SketchUp, til að auðvelda skipulagningu á viðburðum eða sýningum.

3. vikuna var sjónlist 2 í **listheimspeki og menningarlæsi 4**. Umsjón með áfanganum hafði **Haraldur Jónsson**. Í áfanganum var sjónum beint að skynjuninni, heilanum og taugakerfinu. Nemendur gerðu fjölbreyttar æfingar og gerðu skissu að verki. **Árni Kristjánsson** sálfræðingur, **Nikulás Pétur Blin** líffræðingur og **Unnur Óttarsdóttir** listmeðferðarfræðingur héldu fyrirlestra.

Þorvaldur Þorsteinsson hélt fyrirlestur í fyrstu vikunni fyrir sjónlistadeild 2 en fyrirlesturinn var hluti af **skapandi starfsumhverfi 3** sem var annars að mestum hluta kenndur í 4. vikunni, 28. janúar - 1. febrúar. Áfanginn var í höndum **Bjarka Bragasonar** og **Louise Harris** en fleiri kennarar tóku viðtöl við nemendur síðar á önninni, m.a. Áslaug Thorlacius og Þorvaldur Þorsteinsson. Jafnframt fengu nemendur í sjónlistadeild 3 aðstoð Bjarka og Áslaugar við **möppugerð** í febrúar og mars.

Síðustu vikuna í janúar fór sjónlist 3 til **Elsu Gísladóttur** og **Guðjóns Ketilssonar** í einnar viku **upprifjun í teikningu** fyrir áfangann teikning 4. Þar sem nemendur í sjónlist 2 og 3 læra saman. Nemendur í sjónlist 2 áttu að baki þrjá áfanga í teikningu en sjónlist 3 aðeins einn. Því var ákveðið að styrkja nemendur í sjónlist 3 með upprifjun til að minnka bilið í getu.

Ingólfur Arnarsson hélt fyrirlestur um teikningu fyrir nemendur í sjónlistadeild 1 og 3 en sjónlist 1 var einmitt að byrja í teikningu 2 á sama tíma.

FEBRÚAR

Teikning 2 hjá **Þóru Sigurðardóttur** stóð frá 28. janúar -15. febrúar. Í áfanganum fengu nemendur í sjónlist 1 tækifæri til að dýpka þá þekkingu og færni sem þeir öðluðust í teikningu 1. Áhersla var lögð á að þjálfa nemendur frekar í myndgreiningu, myndbyggingu og sjálfstæðum vinnubrögðum. Skissuvinna var mikilvægur þáttur og nemendur teiknuðu uppstillingu, bæði sem heild en jafnframt var hún brotin upp og hlutar hennar stækkaðir upp. Nemendur heimsóttu **Snorra Frey Hilmarsson** leikmyndahönnuð á vinnustofuna þar sem hann ræddi mikilvægi teikningarinnar í hugmyndavinnu og sýndi þeim m.a. fjölmargar skissubækur sínar. Einnig heimsóttu þau Listasafn Reykjavíkur þar sem þau fengu leiðsögn um sýningu á verkum **Roberts Smithsons**.

18. febrúar hófst kennsla í áfanganum **margmiðlun 2, mynd og hljóð**. Kennari var **Kolbeinn Hugi Höskuldsson**. Markmiðið var að gefa nemendum færi á að vinna vídeóverk og sjálfstætt hljóðverk. Þau lærðu að taka upp hljóð og vinna áfram í mismunandi forritum þannig að það gæti staðið eitt og sér eða orðið hluti af myndbandsverki. Kennar var á ýmis klippiforrit og unnu nemendur stutt myndskleið þar sem hljóð og mynd spiluðu saman. Nemendur kynntust endurnýtingu á gömlu efni sem listrænu viðfangsefni og notuðu þá efni dottið úr höfundarrétti. Youtube-menning samtímans og togstreitan um uppruna og frumleika var könnuð.

Teikning 4 hófst 4. febrúar í beinu framhaldi af undirbúningsvikunni fyrir sjónlist 3 en nemendur voru báðir útskriftarhóparnir, sjónlist 2 og 3 sem frá og með þeim degi voru samferða í verklegum áföngum. **Elsa Gísladóttir** og **Guðjón Ketilsson** sem kenndu undirbúningsáfanga fyrir sjónlist 3 héldu áfram að kenna og **Magnea Guðmundsdóttir** arkitekt bættist í hópinn. Rannsókn og kortagerð voru þungamiðja áfangans. Unnið var með ákveðið svæði í vesturbænum og fékk hver nemandi sinn reit til að vinna með. Kortlagningin skyldi vera nákvæm en rannsóknarefnið gat verið hvaðeina sem vakti áhuga nemandans, hvort sem það voru efnislegir, félagslegir, sögulegir, tilfinningalegir eða sálrænir þættir. Í framhaldi unnu nemendur í pörum eða hópum á sömu reitum

og var viðfangsefnið teikning í rými þar sem þau nýttu efni úr umhverfinu. Áfanganum lauk með lokaverkefni þar sem hver og einn valdi sitt viðfangsefni og próaði innan ramma teikningar í rými. Mikil áhersla var lögð á vinnuferlið og öguð vinnubrögð. Nemendur héldu utan um öll skref hugmyndavinnunnar í skissubók.

Þar sem allir hópar sjónlistadeildar voru í teikniáföngum var boðið upp á fyrirlestra um teikningu fyrir alla nemendur deildarinnar. **Steve Christer** arkitekt og **Margrét Bjarnadóttir** dansari kynntu hvort um sig eigin verk og ræddu með hvaða hætti þau nota teikninguna í sínu starfi. **Ólafur Gíslason** hélt fyrirlestur um borgarrýmið.

MARS

Hjá nemendum í sjónlist 1 hófst áfanginn **margmiðlun 2, ljósmyndun og tölva** 28. febrúar og lauk 22. mars en þá hófst jafnframt páskaleyfi. Kennarar í ljósmyndahlutanum voru **Erla Stefánsdóttir** og **Vigfús Birgisson** en **Helga Óskarsdóttir** kenndi á tölva. Í ljósmyndun var bæði farið í notkun filmuvéla og stafrænna myndavéla. Nemendur lærðu á ósjálfvirkar filmuvélar, framkolluðu filmur í myrakraherbergi, prentuðu kontakta og notuðu stækara. Áfram var haldið við að kenna nemendum að taka stafrænar myndir af eigin verkum til nota í portfolíó og umsóknir sínar. Einnig kynntust þau undirstöðuatriðum portrettmyndatöku og mismunandi ljósmyndurum og stílbrögðum þeirra. Í tölvuhluta áfangans lærðu nemendur á helstu þætti í tengslum við myndvinnslu og aðra grafíska vinnu s.s. að setja upp bækling eða vefsíðu.

Verkstæði 2 sem skiptist í þrjá hluta þar sem fókusinn er á mismunandi þætti, flötinn, rýmið og tímann, hófst 25. febrúar og stóð til 12. apríl. Hópnum, nemendum í sjónlistadeild 2 og 3, var skipt í 3 hópa en öll verkstæðin voru kennd í þrjúgang. **Sólveig Aðalsteinsdóttir** kenndi tvívítt verkstæði. Hún lagði áherslu á vatnslit og ýmsar einfaldar grafískar aðferðir s.s. silverpoint, þurnál og dúkristu. Nemendur heimsóttu ýmist **Davíð Örn Halldórsson** eða **Helga Þórssón** á vinnustofu sína. **Brynhildur Þorgeirsdóttir** kenndi þrívítt verkstæði og lagði áherslu á aðferðir við mótagerð og afsteypu. Nemendur fóru í heimsókn í **Málmsteypuna Hellu** og kynntust sandmótagerð o.fl. Verkefnið var síðan að taka gipsmót af hlut og steypa í fleiri en einu eintaki. Ennfremur heimsóttu þau **Guðjón Ketilsson** á vinnustofuna. Á verkstæði fyrir tímatengda miðla kenndu **Kolbeinn Hugi Höskuldsson** og **Ragnheiður Gestsdóttir**. **Þorbjörg Jónsdóttir** og **Lee Lynch** héldu fyrirlestur um móðernisma í kvikmyndagerð og kenndu auk þess hluta áfangans í forföllum Kolbeins Huga.

Hópurinn skoðaði ennfremur sýningu **Eyglóar Harðardóttur** í Skúlpúrgarðinum við Nýlendugötu og naut leiðsagnar listakonunnar.

APRÍL

Fyrstu þrjú dagana eftir páskafrí voru nemendur í sjónlist 1 í **stærðfræði 2**. Upptaktur að áfanganum hafði verið tekinn í síðustu viku fyrir páska með inngangstíma hjá **Önnu Hrund Másdóttur** kennara áfangans og fyrirlestri **Þorsteins Vilhjálmssonar** eðlisfræðings um ljós og bylgjur. Áfanginn fjallaði að hluta til um tímann og mælingu tímans en á sama tíma stóð yfir listahátíðin **Sequences** sem einmitt snýst um tímatengda myndlistarmiðla.

Þorsteinn Sæmundsson stjórnufræðingur hélt fyrirlestur um sögu tímamælinga og nemendur skrifuðu stutta ritgerð, auk þess sem þau reiknuðu algebrudæmi. **Einar Þorsteinn Ásgeirsson** hélt fyrirlestur um nýjar kenningar um tímann og um fjölfötunga og fimmfalda samhverfu.

8. apríl hófst áfanginn **verkstæði 1** hjá sjónlist 1. Áfanginn skiptist í þrennt. **Anna Hallin** byrjaði en hún sá um þrívíddina og lét nemendur móta í leir og kenndi þeim einfaldar afsteypuáðferðir m.a. með alginate. **Kolbeinn Hugi Höskuldsson** kenndi tíma- tengda hlutann og lagði áherslu á notkun „green screen“ í vídeóvinnu. Nemendur bjuggu til sameiginlegan sjónvarpsþátt með innslögum frá hverjum og einum. **Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** kenndi tvívíða hlutann þar sem nemendur fengu útrás fyrir sköpunargleðina með því að mála með akrýl á mdf. Síðasta deginum á námskeiðinu eyddu nemendur í **Norræna húsinu** þar sem þau tóku þátt í eins dags verkstæði sem haldið var af hópi sænskra listamanna sem stóðu að sýningunni


Nemendur sjónlistadeildar kanna snertifleti Verkefni nemenda í stærðfræði, módelteikningu og hugmyndavinnu.



Tecknad. 4. maí opnuðu nemendur sýningu í **Gallerí Tukt** og sýndu málverk og vídeó, auk afraksturs verkstæðisins í Norræna húsinu.

15. apríl hófst **verkstæði 3** en í þeim áfanga unnu nemendur í sjónlist 2 og 3 lokaverk sitt. Viku áður var haldinn undirbúningsfundur með nemendum og kennurum, **Finni Arnari, Magneu Guðmundsdóttur** og **Ólöfu Nordal**. Áfanganum lauk með útskriftarsýningu nemenda. Leitað hafði verið að hentugu húsnæði undir sýninguna í nágrenni skólans og lengi vel virtust tveir kostir mögulegir. Þeir brugðust hinsvegar báðir og varð niðurstaðan að sýna í húsnæði skólans. Um samdist við eigendur rishæðarinnar í húsinu sem stóð að, að nemendur fengju að setja upp verk þar en þar eru mörg lítil rými sem hentuðu ágætlega þannig að það rættist nokkuð úr og sýningin varð á endanum hin prýðilegasta.

Gestir í yfirferð / prófdómarar á lokaverkefnum voru **Elsa Gísladóttir, Haraldur Jónsson** og **Sigurður Árni Sigurðsson**.



Samhliða verkstæði 3 voru nemendur í sjónlistadeild 2 í **Íslensku 4** hjá **Áslaugu Thorlacius** en lokaverkefni nemandans lá til grundvallar verkefni hvers og eins. Nemendur byrjuðu á að skoða ýmsa texta eftir myndlistarmenn þar sem þeir fjalla um eigin verk. Tilgangurinn var að opna augu þeirra fyrir því frelsi sem verkefnið býður upp á. Hver nemandi valdi tvo texta sem einhverra hluta vegna höfðuðu til hans og gerði grein fyrir ástæðum vals síns í viðtali við kennara. Aðalverkefni áfangans var að skrifa hugleiðingu / greinargerð með eigin verki. Nemendur höfðu frjálssar hendur með form skrifanna, þ.e. hvort þau skiluðu skýrslu um framvindu verkefnisins, ljóð eða annað.

Inntökupróf fyrir skólaárið 2013-14 voru haldin laugardaginn 1. júní. Auk þess voru haldin 3 sjúkrapróf. **Bjarki Bragason og Elsa D. Gísladóttir** sáu um inntökufærið líkt og undanfarin ár. Við framkvæmd prófsins aðstoðuðu **Eygló Harðardóttir og Anna Sigurðardóttir**. Inntökuprófið samanstóð af fjórum verkefnum sem lögð voru fyrir til að kanna færni nemenda, áhuga og listræna hæfileika. Auk þess var farið ítarlega yfir forsendur hvers og eins

fyrir umsókn og gögn um fyrri skólagöngu. Prófverkefnin voru: **teikniæfing** (kartafla og sveppur), **teikning og litameðferð** (uppstilling), **mótun í leir** (paprika) og **frjálst verkefni út frá kveikju** (hljóðbrot). Prófið tók 8 klst með hléum og gekk vel fyrir sig. Sextíu og sjö umsækjendur þreyttu prófið. Í kjölfarið hófst mat á umsóknum sem lauk 16. júní en þá fengu allir umsækjendur skriflegt svar. Þrjátíu og þremur var boðið pláss í sjónlistadeild 3 en fimm umsækjendum um árs nám var boðið pláss í sjónlistadeild 2 og einum í sjónlistadeild 1. Fjórir fengu höfnun í sjónlistadeild 3 en sex voru á biðlista og komust nokkrir þeirra inn undir lok sumars. Nítján var boðin skólavist í sjónlistadeild 1. Sex var hafnað. Allir fengu skriflegar rökfærslur fyrir höfnun.

Á vorönn 2013 sótti **Bjarki Bragason** um styrk til **Evrópu unga fólksins** til þess að fara með nemendur til **Feneyja** þar sem hugmyndin var að vinna verkefni í tengslum við tvíæringinn. Verkefnið var unnið í samstarfi við myndlistardeild **IUAV háskólans**. Bjarki var í samtali við **Mario Lupano**, deildarstjóra við IUAV og var ákveðið að **Agnes Kohlmeyer**, sýningarstjóri og kennari við skólann



Nemendur sjónlistadeildar kanna snertifleti stærðfræðinnar við sjónlistir ásamt fleiri verkefnum.



myndi sjá um verkefni af hálfu þeirra. Í kjölfarið hófu Bjarki og Agnes samtalið. Ekki fékkst styrkur í fyrstu umsókn (febrúar 2013) en sótt var um að nýju í maí eftir að Bjarki hafði gert nokkrar breytingar á umsókninni, aðallega hvað varðaði skipulag hvers og eins dags á meðan á verkefninu stæði, fékkst jákvætt svar. Þar sem búið var að útbúa töflu haustsins var ákveðið að farið yrði í vetrarfríinu með nemendur í sjónlistadeild 2 og að vinna nemenda sem var talsverð í ferðinni skyldi metin til eininga. Því voru gerðar breytingar á stundaskrá og tímum fækkað í listasögu og listheimspeki og menningarläsi hjá þeim hópum sem fara átti með.

Samhliða umsókn Bjarka til Evrópu unga fólksins sótti **Áslaug Thorlacius** um endurmenntunarstyrk hjá **Comeniusaráætlun ESB**. Verkefnið sem lá til grundvallar var að kynna skipulagningu og umsýslu (job shadowing) á skrifstofu myndlistardeildar **IUAV háskólans** sem hugmyndin var að heimsækja með nemendum. Áslaug fékk styrkinn og var í Feneyjum 26. maí - 3. júní, þótt ekki hafi orðið af ferð nemenda í það skiptið. Deildarforsetinn, **Mario Lupano** ákvað að Áslaug skyldi fylgja **Agnesi Kohlmeyer** í sínum störfum. Það kom í ljós að umsókn Áslaugar hafði ekki verið lúlesin af gestgjöfunum en Agnes Kohlmeyer vinnur ekki að skipulagningu á skrifstofu deildarinnar og nám Áslaugar varð þar af leiðandi annað en til stóð. Hún fylgdi Agnesi í kennslu þá daga sem hún var að vinna og fékk heilmikið út úr ferðinni þrátt fyrir allt.

Haustönn 2013

Nítján nemendur hófu nám í sjónlistadeild 1 haustið 2013. Af þeim voru tveir að hefja nám í annað sinn. Sjö hættu námi áður en önninni lauk (þar af báðir þeir sem voru að spreyta sig í annað sinn). Tólf nemendur luku önninni í sjónlistadeild 1. Nítján nemendur hófu sömuleiðis nám í sjónlistadeild 2. Ellefu frá fyrra ári, tveir úr fyrsta árgangi sem sóttu einungis kúrsa sem þeir þurftu að endurtaka til að geta lokið stúdentsprófi. Sex voru teknir inn úr hópi umsækjenda um sjónlistadeild 3 eða teiknadeild, allt nemendur sem höfðu góðan grunn í myndlist og gátu fylgt annars árs nemendum í framhaldsáföngum haustsins. Einum nemanda var vísað úr skóla um miðja önn. Átján luku því önninni í sjónlist 2. Þrjátíu og einn nemandi hóf nám í sjónlistadeild 3. Fjórir hættu námi á önninni. Tuttugu og sjö nemendur luku haustönn í sjónlistadeild 3. Samanlagt hófu 69 nemendur nám við deildina. Heildarbrottfall á haustönn var 12 nemendur en 57 luku önninni.

Skipulagið var í grófum dráttum þannig að á haustönn fylgdust nemendur í sjónlist 1 og sjónlist 3 að í helstu verklegum áföngum. Sjónlist 2 og sjónlist 3 fylgdust þó að í lítafræði 2 og að hluta í skapandi starfsumhverfi 1. Sjónlist 3 þarf að taka margmiðlun og skapandi starfsumhverfi þéttar á meðan nemendur á námsbraut til stúdentsprófs eru í fleiri bóklegum greinum. Nýr hópur var skilgreindur, **sjónlist 2b**, nemendur með stúdentspróf og góðan grunn í myndlist sem teknir voru inn á síðara árið. Þessir nemendur fylgdu sjónlist 2 í verklegum áföngum en voru samferða sjónlist 3 í margmiðlun, skapandi starfsumhverfi og að mestu í listheimspeki.

Haustið áður hafði stærðfræði verið kennd samhliða teikningu 1 og formfræði og þótti það gefa góða raun. Af því varð ekki á haustönn 2013 þar sem stærðfræðikennarinn Anna Hrund Másdóttir gat ekki

komið því við sökum anna. Hinsvegar hugsaði hún sér að þegar áfanginn yrði kenndur (á vorönn 2014) að sjá til þess að tengingin við viðfangsefni formfræðinnar yrði áfram sterk. Það ber því ekki að skilja það sem svo að horfið hafi verið frá þeirri tilhögun og vonandi verður aftur hægt að kenna stærðfræðina í nánnum tengslum við teikningu og formfræði

ÁGÚST

Haustönnin hófst mánudaginn 19. ágúst með skólasetningu sem fór fram í mómóðelskólans. **Ingibjörg Jóhannsdóttir** skólástjóri ávarpaði nemendur skólans og **Bjarki Bragason** sagði frá því að skólinn væri nú hluti af grænfánaverkefni Landverndar og kynnti reglur um sorpflokkun. Hann hafði áður útbúið flokkunarkerfi fyrir skólann eftir að hafa gert þarfagreiningu í samráði við Gámapjónustuna og skilar skólinn nú sorpi sínu flokkuðu í fimm flokkum (pappír, lífrænt, plast, dósir/flöskur, almennt) og hefur almennt óflokkað sorp minnkað mikið. Eftir sameiginlegar kynningar fóru nemendur skólans hver í sína deild. Nemendur sjónlistadeildar fóru á fund með umsjónarmönnum deildarinnar þar sem rætt var um innkaup og geymslu á verkfærum, efni og verkum nemenda. Einnig fengu nemendur kynningu á google umhverfinu og hvernig ætlunin var að haga upplýsingaflæði innan skólans, samskiptum milli kennara og nemenda, verkefnaskilum ofl. Kennsla hófst svo samkvæmt stundaskrá eftir hádegi sama dag. Stundatafla nemenda var kynnt ítarlega en hún var með nokkuð öðrum hætti en áður. Verklegrir áfangar voru kenndir þriðjudaga-föstudaga frá morgni til 13:20 eða 14:10 eftir því hvenær dagsins skóli hófst. Mánudagar og 2-3 tímar síðdegis þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga voru ætlaðir fyrir aðra kúrsa, gjarnan bóklega, ýmsa fyrirlestra, margmiðlun og styttri verklega áfanga í sjónlist 3. Tilgangurinn var annars vegar að reyna að halda ákveðinni reglu í töflunni og hinsvegar til að nýta þætti kennslunnar sem best, t.d. fyrirlestra. Einnig voru margir bóklegir áfangar kenndir þéttar en afar fáir áfangar stóðu alla önnina.

Eftir hádegi á skólasetningardaginn byrjaði sjónlistadeild 2 í **listasögu 3** hjá **Shaunu Laurel Jones**. Áfanginn hófst á miðju endurreisnartímabilinu og endaði í samtímanum. Kennslan var samþjappaðri en verið hefur en Feneyjaferðin 21. - 25. október þar sem nemendur skoðuðu glæný verk á **Feneyjatvíværingnum** var hluti áfangans. Nemendur skrifuðu 2 stuttar ritgerðir, unnu hópverkefni og tóku lokapróf. Áfanganum lauk 12. nóvember. Sjónlistadeild 3 var að þessu sinni í sérsniðnum áfanga, **listsögu 2-3** hjá **Shaunu Laurel Jones**, sem tók mið af því að þau eru einn vetur í skólanum. Farið var hratt gegnum sögu frá fornöld til dagsins í dag. Lesefni var fyrst og fremst tiltekna vefsíður sem kennari gaf upp. Nemendur skrifuðu tvö verkefni þar sem þau greindu listaverk, unnu hópverkefni sem endaði með kynningu og skiludu lokaritgerð.

Eftir hádegi á skólasetningardaginn hlýddu sjónlist 1 og 3 saman á inngangsfyrirlestur í **margmiðlun 1** þar sem kennararnir, **Erla Stefánsdóttir** og **Vigfús Birgisson** fjölluðu m.a. ítarlega um ljósmyndavélina. Að öðru leyti var áfanginn kenndur í aðskildum hópum. Sjónlist 3 hélt áfram í **margmiðlun 1** fram í miðja fyrstu vikuna og eftir það á mánudagseftirmiðdögum. Áfanganum lauk um miðja önn en sjónlist 1 lauk honum í byrjun desember. Margmiðlun 1 er grunnáfangi í ljósmyndun þar sem farið er ítarlega yfir það

hverning myndavélin virkar. Nemendur kynna mörgum af helstu ljósmyndurum sögunnar og vinna verkefni þar sem þau „herma eftir“ stíl þekktra listamanna í þeim tilgangi að læra að stilla vélna til að ná fram ákveðnu andrúmslofti eða áferð. Nemendur lærðu að taka myndir af verkum, bæði tvívíðum og þrívíðum. Ennfremur er farið í undirstöðuatriði í töluvinnslu og vistun ljósmynda.

Sjónlist 1 var næstu 2 daga í **Íslensku 1**. Kennari var **Haraldur Jónsson**. Fyrri hluti áfangans var kenndur í ágúst og september en seinni lotan var tekin síðustu vikuna fyrir jól. Áfanginn byggði að nokkru leyti á áfanga Þorvaldar Þorsteinssonar og var áherslan áfram fyrst og fremst lögð á það að vekja áhuga nemenda á tungunni og skriftum. Eins og verið hafði árið áður voru ýmsir fyrirlesarar fengnir úr hópi lista- og fræðimanna. Eftirtaldir gestir heimsóttu áfangann: **Kristín Eiríksdóttir rithöfundur, Margét Bjarnadóttir dansari, Aðalsteinn Davíðsson málfræðingur, Einar Már Guðmundsson rithöfundur**. Áfanganum lauk á því að nemendur tóku þátt í morgunstud á **dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund**. Las hver og einn stuttan texta eða ljóð fyrir viðstadda.

Sjónlistadeild 2 byrjaði önnina í fyrri lotu áfangans **skapandi starfsumhverfi 1**. Umsjón með áfanganum hafði **Bjarki Bragason**. Eins og áður er komið fram sóttu nemendur í sjónlist 2 og 3 fyrirlestra áfangans saman en sjónlist 3 var að öðru leyti í tímum á mánudagsmorgnum fram eftir önn. Nemendur skoðuðu sýningu **Berglindar Jónu Hlynsdóttur**. Bjarki hélt fyrirlestra og ræddi m.a. eigin verk og myndlist í fjölbreyttu samhengi, m.a. í almenningrými. Hönnuðurnir **Brynhildur Pálsdóttir, Þórunn Árnadóttir** og **Rúna Thors** sögðu frá sínum störfum og töluðu um rannsóknarvinnu sína og sálfbærni, framleiðslu og samhengi hönnunar. **Hildur Steinþórsdóttir** arkitekt ræddi við nemendur um starfsumhverfi fagsins, menntun og áskoranir ungra arkitekta. Farið var í vettvangsferðir á eftirtalda staði: **CCP, Jónsson og Le'Maacks, búninga- og sviðsmyndadeild RÚV, skipulagssvið Reykjavíkurborgar** þar sem rætt var við **Hildi Gunnlaugsdóttur** arkitekt um áherslur samtímans í arkitektúr og skipulagi og farið var á **Nýlistasafnið**. Nemendur kynntu sér skóla og námsaðstæður vítt og breitt og kynntu niðurstöður sínar í formi fyrirlestra. Einnig unnu nemendur að „artist's statement“ og skrifuðu tvær óformlegar ritgerðir út frá spurningum Bjarka. Skólakynningarnar fóru fram á seinni hluta annar en þá voru sjónlistadeildir 2 og 3 aftur saman. Nemendur voru hvattir til að kanna sem flestar listgreinar og völdu þeir sér skóla til kynningar eftir eigin áhugasviði.

Fimmtudaginn 22. ágúst hófst **teikning 1** hjá nemendum í sjónlist 1 og 3. Kennarar áfangans voru **Elsa Gísladóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir** og **Þóra Sigurðardóttir**. Teikning 1 er grunnáfangi í teikningu þar sem farið er í formgreiningu, fjarvídarteikningu og gagnsæishugsun í teikningu, línu, ljós og skugga. Ólafur Gíslason hélt fyrirlestur um **fjarvíd í gegnum listasöguna**. Nemendur fengu leiðsögn um sýningarnar **Works on Paper** í Gallerí 18 og sýningu **Guðnýjar Rósu Ingimarsdóttur** í Hverfisgalleríi.

Mánudaginn 26. ágúst var fyrsti tíminn í **Íslensku 3** í sjónlistadeild 2. Kennari var **Ásdís Arnalds**, kennari við Kvennaskólann. Í fyrri hluta áfangans var áherslan á ritun og ritunarferli. Nemendur fengu kennslu í heimildaritgerðarsmið og þjálfun í þeim fræðilegu

vinnubrögðum sem tíðkast við vinnslu og frágang slíkrar ritgerðar. Við lok lotunnar skiluðu nemendur heimildaritgerð. Í síðari hluta áfangans var sjónum beint að bókmenntum og m.a. var helsta bókmenntaverk tuttugustu aldarinnar, **Sjálfstætt fólk**, tekið til umfjöllunar. Nemendur lásu verkið en skoðuðu einnig áhrif þess og höfundar þess, Halldórs Laxness, á þjóðlíf, listir og listamenn 20. og 21. aldar.

Sjónlistadeild 2 byrjaði í **teikningu 3** þriðjudaginn 27. ágúst. Nemendur fengust við viðfangefni sem krefst nákvæmrar skoðunar en gerðu jafnframt tilraunir með myndbyggingu, áherslupunkta, áferð, skyggingu og línu. Unnið var með teikningu í rými og var rík áhersla lögð á svigrúm til persónulegrar úrvinnslu. Hjá **Margréti Blöndal** var fyrstu tvær vikurnar unnið út frá orðum og hugtökum, tónlist og fundnum strúktúrum, skæri notuð sem teikniáhalð, unnið með ýmsa grænmetissafa, kaffi ofl. Í þriðju viku kenndu Margrét og **Guðjón Ketilsson** saman. Þau fengu **Steingrím Eyfjörð** til að kynna eigin verk og nemendur unnu í framhaldi teikningar á stóra ör. Sýning **Hörpu Árnadóttur** í Nesstofu var heimsótt og nemendur teiknuðu ýms smáatriði í húsinu. Tvær síðustu vikurnar sá Guðjón um kennsluna. Sjónum var beint að áferð og byggingu, m.a. voru skritnir ávextir skoðaðir gegnum stækkunargler og farið í **Líffærasafnið** í Læknaðgarði. Fundin áhugaverð smáatriði, gerðar óhlutbundnar teikningar í stóru formati uppúr skissum. Farið í heimsókn í i8, skoðuð sýningin **Works on paper**.

Nemendur í sjónlistadeild 1, 3 og 2b tóku **listheimspeki og menningarläsi 1** en að mismiklu leyti eftir hópum. **Jón BK Ransu** sá um fyrri hluta námskeiðsins en fyrirlestra sína byggði hann á bók sinni, Listgildi samtímans þar sem hann fjallar um íslenska samtímalist og það hvernig við metum hluti og gefum þeim merkingu sem list. Í bókinni kynntir hann grunnhugtök fagurfræðinnar á borð við hið fagra, hið háleita og hið gróteska. Allir nemendur tóku þann hluta. Nemendur skrifuðu 3 stuttar hugleiðingar og unnu hópverkefni. Sjónlist 1 var auk þes á sama tíma í ritun hjá **Áslaugu Thorlacius** sem var hluti af áfanganum. Þau skoðuðu sýningu **Hrafnkels Sigurðssonar** í Skúrnum og skrifuðu nokkra styttri texta um hana útfrá mismunandi forsendum. Aðalverkefni ritunarinnar var ritgerð sem þau skrifuðu undir handleiðslu kennara, í tímum, um menningarviðburð sem þau sóttu að eigin vali. Síðasti hluti námskeiðsins var inngangur að sjónmenningarfræði sem **Einar Garibaldi Eiríksson** kenndi. Kennslan var blanda af fyrirlesturum, vettvangsferðum og heimsóknum og nemendur unnu fjölbreytt verkefni, ýmist sem einstaklingar eða í hópum. Nemendur í sjónlistadeild 2b tóku ekki þátt í síðari hlutanum en þau fóru í staðinn til Feneyja. Námskeiðinu lauk 30. október.

SEPTEMBER

Agnes Kohlmeyer heimsótti skólann frá Feneyjum, en styrkur fékkst frá Evrópu Unga Fólksins fyrir heimsókn hennar, til þess að undirbúa verkefnið **Mapping Our Cosmologies** með **Bjarka**. Á þeim 5 dögum sem heimsókn hennar varði unnu þau að dagskrá verkefnisins og hittu nemendur/þátttakendur. Agnes hélt fyrirlestur um sögu tvíæringsins.

9. september hófst kennsla í áfanganum **skissubók 1** sem **Bjarki Bragason** sá um. Nemendur áfangans voru nemendur í sjónlist 1 og 3. Hópurinn hittist mánaðarlega, 4 sinnum yfir önnina, en auk þess tók Bjarki nemendur í einkaviðtöl um vinnu þeirra í skissubók. Stuttur fyrirlestur í upphafi hvers tíma markaði viðfangsefni skissuvinnunar, sem síðan var skoðuð í stuttri yfirferð og umræðum. Fjallað var um minni, almenningsrými sem mætingarstað ólíkra hópa og sjónarmiða og sögu og spurningar um tíma. Áherslan var lögð á ólíkar aðferðir við að skoða ólík viðfangsefni. Fulltrúar Rannsóknarverkefnisins **Eyðibýli á Íslandi** heimsóttu áfangann og ræddu aðferðir sínar við kortlagningu og skoðun á eyðibýlum landsins. Áfanganum lauk 9. desember.

Sjónlist 1 byrjaði í **ensku 1** hjá **Louise Harris** 17. september. Kennslan fór fram einu sinni í viku, 3 kennslustundir í senn og áfanganum lauk 17. desember. Áfanginn var kenndur í nánnum tengslum við listasögu 1 með áherslu á ákveðin þemu sem tengjast viðfangsefnum myndlistarinnar í gegnum aldinar. Kennslan miðaði að því að auka orðaforða nemandans. Nemendur lásu texta um áður nefnd þemu og skiluðu um þá skriflegum verkefnum. Nemendur héldu einnig dagbækur um eigin vinnu í verklegum áföngum, heimsóknir á sýningar og annað sem tengist náminu við skólann með það fyrir augum að styrkja fagorðaforða þeirra. Hver og einn hélt munnlega framsögu um sjálfvalið efni sem viðkomandi hafði kynnt sér. Ennfremur byrjuðu nemendur að undirbúa sitt persónulega „statement“ í áfanganum.

Sama dag og enskan hófst byrjuðu nemendur í sjónlist 1 og 3 í **módel 1**. Viðfangsefnið var hlutfallaskipting í módelteikningu og helstu þættir anatómíu fyrir teiknara. Ýmist voru teiknaðar styttri stöður módelis þar sem áherslan var á heildarsýn eða lengri stöður sem útheimtu vandaðri mælingar og meiri nákvæmni. Markmiðið var að nemendur tileinkuðu sér aðferðir til að mæla hlutföll mannlíkamans. Teiknað var eftir lifandi módeli við trönur. Hóparnir voru þrír og hafði hver sína stofu. **Guðrún Vera Hjartardóttir**, **Margrét Blöndal** og **Porri Hringsson** kenndu hverjum hópi viku í senn. Einn dag í viku fór hver nemandi til **Cindy Leplar** þar sem nemendur kynntust fjölbreytilegri nálgun ólíkra teiknara við módelteikninguna. Við þá vinnu var teiknað við borð, án lifandi módelis.

Nemendum var í september boðið upp á kynningu á **bókasafni** skólans hjá **Herdísi Tómasdóttur**. Sigurjón Gunnarsson bauð jafnframt upp á kynningar á tölvu- og tækjabúnaði skólans. Þessar kynningar eru mikilvægar í því augnamiði að nemendur geti sem best nýtt sér aðstöðu og búnað skólans. Huga þarf betur að því í framtíðinni að koma þessum kynningum inn í stundaskrá nemenda en vegna þess hugsanlega að þeim var komið fyrir í hádegishléi nemenda varð nokkur misbrestur á að nemendur mættu í kynningarnar.

Anna Sigurðardóttur bauð jafnframt nemendum upp á fyrirlestur um **frestun í námi** og **glósutækni**.

OKTÓBER

Nemendur í sjónlistadeild 2 byrjuðu í **módel 3** 1. október. Áfanginn fjallaði um líkamann sem viðmið, tjáningarmiðil og efnivið í

myndrænni sköpun. Áfanginn skiptist í þrjá meginhluta, teikningu, mótun og gjörning. Nemandinn fékk áframhaldandi þjálfun í að greina aðalatriði líkamsstöðunnar en jafnframt frelsi til að skoða nánar afmarkaða hluta líkamans, s.s. yfirborð og innviði. Áherslan var á að skerpa tilfinninguna fyrir þyngdarpunktum líkamans í ólíkum stöðum. Módelið var teyggt út fyrir ramma raunsæisins og líkamsformið yfirfært í abstrakt form. Gert var ráð fyrir frjálsum og persónulegum vinnubrögðum á vissum tímupunktum í áfanganum. Unnið var með fjölbreytt efni og sjónum beint að rödd, hreyfingu og fleiri óvæntum þáttum. Farið var í vettvangsferðir og hlýtt á fyrirlestra um efni tengt áfanganum. Rík áhersla var lögð á að nemandinn notaði skissubókina markvisst til að halda utan um hugmyndir sínar og tæki verk sín upp með einum eða öðrum hætti, (ljósmynd, vídeó, hljóð).

Sara Björnsdóttir kenndi fyrsta hluta áfangans, **gjörninginn**. Með því að byrja á gjörningnum var hugmyndin að opna nemendum möguleikann á að nota gjörningsformið í öðrum þáttum áfangans. Nemendur kynntust lykilverkum gjörningalistarinnar og unnu margvíslegar æfingar, einir og í hópum. Í lokin flutti hver og einn sinn eigin gjörning.

Brynhildur Þorgeirsdóttir kenndi **skúlptúr**. Fyrsta daginn voru nemendur í skissuvinnu þar sem þau unnu með hreyfingar eigin líkama. Upp úr þeirri vinnu unnu nemendur skúlptúr sem hafði tengingu við líkamann sem nokkurskonar andlag eða viðbót. Skúlptúrin var unnin úr vírneti og pappír. Að því loknu fóru nemendur til Feneyja.

Elsa Gísladóttir kenndi þriðja hluta áfangans, **teikningu**. Kennslan var tilraunakennd og var unnið með ýmiskonar pappír og fjölbreytt áhöld og litarefni, m.a. pigment. Verkefni nemenda var að rannsaka samband hugmynda við raunveruleikann. Þau byrjuðu á því að teikna við trönur og beindu sjónum að rýminu sjálfu sem þau brutu upp og skoðuðu í ólíku ljósi. Næsta dag var búið að klæða kennslurýmið í pappír og teiknuðu þau þá á vegg og gólf út frá ýmsum forsendum, s.s. einsog því að vera sjálf föst við vegg eða gólf á meðan þau teiknuðu. Þau klæddu sig í pappír og teiknuðu á eigin líkama eftir lifandi módeli á hreyfingu. Lokaverkefnið í þessum þætti áfangans var að teikna á vegginn sjálfsprottnar teikningar án fyrirmyndar.

Hildur Steinþórsdóttir kenndi fjórða og síðasta hlutann þar sem horft var á líkamann sem viðmið í **hönnun og arkitektúr**. Fyrsta verkefnið var að gera göt á skókassa og mæla og skrá rýmið sem myndast hafði í boxinu. Næst fengu nemendur danspar í heimsókn sem dansaði sama dansinn aftur og aftur. Verkefnið var að skrá rými dansins með teikningu og studdust nemendur við reynsluna sem þau fengu í kassaverkefninu. Niðurstaðan varð síðan að frjálsum þrívíðu verkefni og vann hver á sínu áhugasviði, hvort sem það var myndlist eða hönnun. Niðurstaðan var kynnt í málsettum teikningum í yfirferð þar sem allir tóku þátt.

Sjónlist 2 byrjaði í **listheimspeki og menningarläsi 3** 3. október.

Bjarki Bragason sá um námskeiðið. Stór hluti af námskeiðinu tengdist Feneyjaferðinni en nemendur heimsóttu samt ýmsar sýningar og viðburði hér heima sem þau ræddu og unnu verkefni í tengslum við. M.a. skoðuðu þau sýningu Önnu Hallin Samleik í Ásmundarsafni. Áfanganum lauk 28. nóvember.

Í lok október fór hópurinn ásamt nemendum í sjónlist 2b (sem voru að öðru leyti ekki í þessum áfanga) í vikufærð til Feneyja í verkefnið

Mapping Our Cosmologies. **Bjarki Bragason** og **Shauna Laurel Jones** voru kennarar í ferðinni. Ennfremur **Hildigunnur Birgisdóttir**, **Agnes Kohlmeyer** og **Enrico De Napoli** kennarar við IUAV háskólann. Þátttakendur í verkefninu voru yfir 40 og þrátt fyrir ólík skólastig myndaðist gott samtal. Nemendur skoðuðu sýningar og merka staði í borginni og hittust í háskólanum til að ræða verkin og gagnrýna. Verkefnið hafði mikil áhrif á nemendur sem höfðu fæstir farið erlendis til þess að skoða myndlist og voru allir sammála um að gott væri fyrir hvern árgang að fara í námsferð.

7. október byrjuðu nemendur í sjónlist 1 og 3 í **formfræði 1** þar sem unnið var með tvívíðan flöt. Kennarar áfangans voru **Guja Dögg Hauksdóttir**, **Ólöf Nordal** og **Unnar Örn Auðarson**. Nemendur kynntust ýmsum aðferðum við myndbyggingu og ólíkum sjónrænum áhrifum ólíkra forma og hlutfalla. Í fyrstu var unnið með frumform og óhlutbundin form en smám saman jókst umfang. Fjallað var um jafnvægi / ójafnvægi, léttleika / þunga, samstæður / andstæður, endurtekningar / takt, mynstur. Kannaðar voru stærðir og hlutföll forma í rými. Lokaverkefni var að hanna plötuumslag við tónlist að eigin vali, unnið með svörtu bleki. Farið var í vettvangsferðir á vinnustofur **Atla Hilmarssonar** grafíks hönnuðar og **Steinunnar Sigurðardóttur** fatahönnuðar og á sýningar.

29. október hófst síðan í beinu framhaldi áfanginn **formfræði 2** þar sem nemendur lærðu um vægi og sjónræn áhrif forma og hlutfalla í rými og kynntust ólíkum efnum og aðferðum til að nýta þau áhrif meðvitað. Kennarar voru **Finnur Arnar**, **Guja Dögg Hauksdóttir** og **Ólöf Nordal**. Fyrsta verkefnið var skúlptúr unninn úr blómavír og lituðum silkipappír og notuðu nemendur lampa til að skoða áhrif ljóss og litar á rýmið. Nemendur unnu verkefni úr balsaviði og bókbandspappa og notuðu andstæð hugtök til að skapa áhugaverðan skúlptúr. Næsta verkefni var að búa til spennandi verk úr öllu efni skókassa með því að skera úr honum hluta og nota þá til að og byggja inn á við og út á við. Lokaverkefnið unnu nemendur í hópum en fengu frjálssar hendur um efnisval. Guja Dögg hélt fyrirlestur um hlutföll í arkitektúr og nemendur skoðuðu sýningar.

29. október byrjuðu nemendur í sjónlist 3 í **margmiðlun 2** en daginn áður höfðu þau lokið við margmiðlun 1. Áfanginn var tvískiptur. Í ljósmyndun hjá **Erlu Stefánsdóttur** og **Vígfúsi Birgissyni** unnu nemendur heimildarmynd um valið efni. Þau tóku upp hreyfimyndir og kyrrar myndir og settu saman með hljóði og texta. Einnig fengu þau lítillga að kynna vinnu með filmu í myrkraberbergi. Hjá **Doddu Maggy Kristjánsdóttur** lærðu þau myndvinnslu í tölvu. Nemendur unnu þrjú verkefni í PhotoShop þar sem þau notuðu eigin ljósmynd, gerðu klippimynd og unnu með fundið efni en áherslan var lögð á að þau fyndu leiðir til að vinna á skapandi hátt með forritið. Einnig fengu þau innsýn í forritið InDesign og unnu plakat.

29. október hélt **Hanna B Vilhjálmisdóttir** kennari við Borgarholtsskóla fyrirlestur um **jafnrétti** fyrir alla nemendur deildarinnar.

Sjónlistadeild byrjaði í **listasögu 1** hjá **Shaunu Laurel Jones** 31. október. Námskeiðið var kennt mjög þétt miðað við það sem áður hefur verið gert en það stóð í 7 vikur og voru nemendur 10

kennslustundir að jafnaði á viku. Námskeiðið miðaði að því að leggja grunn undir frekara listasögunám með því að kynna nemendur fyrir aðferðum og hugtökum. Námið var skipulagt í samhengi við áfangann ensku 1 en kennslan í listasögu fer fram á ensku. Viðfangsefnið var valið eftir þema fremur en tímalínu og nemendur skiluðu nokkrum smærri verkefnum.

Félagar í leikhúslistahópnum **Kviss Búmm Bang** heimsóttu nemendur og sögðu frá verkefnum hópsins.

NÓVEMBER

Það fréttist af því að **Bíó Paradís** byði framhaldsskólanemum upp á **kvikmyndafræðslu** alla föstudaga þar sem sýndar væru nokkrar af lykilmmyndum kvikmyndasögunnar. **Oddný Sen** kvikmyndafræðingur hélt utan um námið og sendi bæði út lesefni með góðum fyrirvara og hélt stuttan fyrirlestur um hverja mynd fyrir sýningu hennar. Samið var við Oddnýju um að námskeiðið yrði metið sem **listheimspeki og menningarläsi 2** og tók hún að sér að halda utan um ástundun okkar nemenda. Nemendur byrjuðu að sækja bíóið 15. nóvember en þá höfðu þeir að vísu misst af fyrstu þremur myndunum í prógrammi vetrarins. Ákveðið var að til þess að ná áfanganum þyrfti nemandinn að sjá 12 af þeim 15 myndum sem eftir voru og skrifa auk þess tvær stuttar ritgerðir um valdar myndir og skila til Oddnýjar. Kvikmyndafræðslan mæltist vel fyrir meðal nemenda og verður haldið áfram næsta vetur. Áfanginn var að mestu kenndur á vorönn en síðasta myndin var sýnd 4. apríl. Nemendur í sjónlist 2 sem vantaði einingar í listheimspeki og menningarläsi eða listasögu fengu að skrá sig í áfangann og fá hann metinn inn í sitt áfangasafn. Kvikmyndasýningarnar voru opnar öllum framhaldsskólanemendum.

19. nóvember hófst upptaktur að **möppugerð** (skapandi starfsumhverfi 3) vorannar í sjónlistadeild 2 í umsjón **Bjarka Bragasonar** en inn í áfangann fléttaðist ennfremur **enska 3** hjá **Louise Harris** þar sem nemendur skrifuðu listrænt „statement“ á ensku. Fyrir utan að skrifa „statement“ unnu nemendur í eigin myndasafni og skissubókum og hófu markvissa vinnu að möppugerð.

21. nóvember byrjuðu nemendur í sjónlist 1 og 3 í **litafræði 1**. Kennarar voru **Einar Garibaldi Eiríksson**, **Jón BK Ransu** og **Þórunn María Jónsdóttir**. Nemendur kynntust grunnhugtökum litafræðinnar og gerðu tilraunir með litablöndun í því skyni að kynna öllum litaskalanum. Litir voru m.a. skoðaðir út frá mismunandi eiginleikum, vægi og áhrifum, innbyrðis og út á við, andstæðum og samstæðum í lit og samspili litar og stærðar myndflatar í myndbyggingu.

Notast var við grunnlitina þrjá, svart og hvítt. Nemendur unnu hefðbundin verkefni s.s. litahringinn, litaprífyrninginn, unnu litaseriur, kynntust litleysum, rannsökuðu ljósmagn lita og litgreindu hluti. Farið var yfir aðferðir til að kalla fram fjarvið með lit og tekin dæmi frá ýmsum tíma í listasögunni um margvíslega notkun lita og áhrif þeirra á myndbyggingu og rými. Jafnframt kynntust nemendur ýmsum hugmyndum um merkingu lita og skoðuðu dæmi um áhrifamikla notkun þeirra, t.d. í margskonar hönnun.

Rík áhersla var lögð á að nemendur greindu eigin verk og beittu við það orðaforða litafræðinnar. Jafnframt fóru fram hópumræður

um verkefni. Nemendur unnu heimaverkefni í skissubók/litadagbók. **Skapandi starfsumhverfi 2**, bókagerð hófst 26. nóvember og stóð í 4 daga. Kennari var **Sigrún Sigvaldadóttir**. Í bókagerð lærðu nemendur að búa til og binda inn bækur og fengu að kynna bókverkinu sem listformi.

Desember

Að bókagerð lokinni fór sjónlist 2 í áfangann **skissubók 3** hjá **Bjarka Bragasyni**. Áfanginn stóð í 4 daga, 3. - 6. desember. Áhersla var lögð á að skoða ólík viðfangsefni og vinna örverk út frá skissuvinnu. Umræður fóru fram í lok hvers dags. Byrjað var á að skoða sögulegar breytingar og túlka þær í gegnum skissuvinnu. Unnið var með hugtakið minnismerki (monument). **Ísold Uggadóttir** kvikmyndagerðamaður heimsótti áfangann og ræddi skissu- og rannsóknarvinnu í kvikmyndagerð og fyrirbærið „storyboard“. Á lokadegi áfangans heimsóttu nemendur skurðeild Landspítalans Háskólasjúkrahúss. **Páll Möller** yfirlæknir tók á móti hópnum og fengu nemendur að vera viðstaddir skurðaðgerð á maga, fylgjast með í návígi og skoða hið lokaða umhverfi skurðstofunnar. Þar á eftir skoðuðu nemendur Sorpu, þar sem allt sorp Reykjavíkur er flokkað, yfirgefnar og hálfbyggðar byggingar í nágrenni Mosfellsbæjar og að lokum Kringluna. Á hverjum stað höfðu nemendur það verkefni að skissa og rannsaka staðinn. Í lok áfangans völdu nemendur sér viðfangsefni til að vinna áfram í örverki.

Þegar hér var komið sögu breyttist samsetning hópanna. Nemendur í sjónlist 2 og 3 fóru saman í **litafræði 2**, þar sem þau rannsökuðu virkni lita í rými. Kennarar voru áfram **Einar Garibaldi Eiríksson**, **Jón BK Ransu** og **Þórunn María Jónsdóttir**. Áfram var haldið við að kynna nemendum kenningar litafræðinnar og ræða hugtök sem

henni tengjast. Gerðar voru fjölbreyttar æfingar í þeim tilgangi að bera saman innbyrðis samband og virkni mismunandi lita. Nemendur unnu privítt verk út frá tvívíðu verki og síðan annað tvívítt verk út frá því privíða. Námskeiðið endaði með því að nemendur unnu metnaðarfullt lokaverk og höfðu frjálssar hendur um val á efni og innihaldi.

Lára Marteinsdóttir kvikmyndafræðingur hélt fyrirlestur um litanotkun í kvikmyndum.

Jólafrí hófst 18. desember hjá nemendum í sjónlistadeild 1 en 19. desember hjá sjónlistadeild 2 og 3.

Bjarki Bragason í vettvangsferð í skissubókaráfangu á skurðlækningadeild Landspítalans þar sem Páll H. Möller yfirlæknir tók vel á móti nemendum. Seinna um daginn var farið í Sorpu, Kringluna og yfirgefnar húsnæði.



TEIKNING

Teikning er tveggja ára diplómanám á 4 þrepi samkvæmt íslenska viðmiðrammanum um nám og er jafngilt 120 ECTS einingum erlendum háskólum sem Myndlistaskólinn á í samstarfi við. Möguleiki er að bæta við sig einu ári við University of Cumbria (eða fá námið metið hjá öðrum háskólum) og ljúka þannig náminu með BA gráðu. Námið fer fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík en hluti af náminu fer fram í Tækniskólanum – skóla atvinnulífsins.

B-hluti, vorönn 2013

B hluti skiptist í 4 áfanga: Myndræn frásögn, Rannsóknarleifangur, Letur/handrit/menningasaga og Fræðsla og rannsóknir. Auk þess var kennd tölvuvinnsla (Photoshop) í Tækniskólanum og módelkennsla var einu sinni í viku mest alla önnina.

Annarstjóri: Anna C Leplar.

Kennarar: Þorvaldur Þorsteinsson, Anna C Leplar, Áslaug Jónsdóttir, Bjarni Hinriksson, Ragnheiður Gestsdóttir Þorri Hringsson, og Alexis Deacon, gestakennari kom frá Bretlandi til að kenna í deildinni í annað sinn.

Nemendur: 13 nemendur hófu nám í B hluta og luku þau 23 framhaldsskóláeinum eða ígildi 30 ECTS eininga. Einn nemandi útskrifaðist um vorið eftir tveggja ára nám (og er komin í BA nám í animation í Sheridan College í Kanada) og annar tók sér hlé í lok annar vegna heilsufarsástæðum með möguleiki að á koma aftur á C önn 2015

Fyrirlestrar: Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Alexis Deacon, Jón Baldur Hlíðberg, Ragnheiður Gestsdóttir og Sigrún Eldjárn. Heimsóknir í Námsgagnastofnun og tölvuleikjafyrirtækið CCP.

Á B-önn var sú breyting gerð frá árinu 2011 að farið var í rannsóknarleifangur fyrr á námstímanum svo að nemendur gætu unnið betur úr því sem þeir upplifðu og lærðu í ferðinni með þeirri von að það gæti betur skilað sér inn í námið. Áherslan á önnin í heild var að vinna með frásögnina í gegnum margvíslega tvívíða teiknimíðla, aðferðir, lýsingu, myndbyggingu, andrúmsloft og

stemningu. Áhersla var lögð á að myndgera hugmyndaheima, sköpun karaktera, frásagnarmátt myndarinnar, skapandi skrif og myndskreið. Í lok annar áttu nemandur að skila verkum sem sýndu fram á hæfni þeirra til þess að myndgera frásögn, takast á við ólík markmið og stílbrigði. Nemendur í Teikningu sýndu, ásamt nemendum í Textíl og Mótun, verk sín á sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur 16.-20. maí 2013.

MYNDRÆN FRÁSÖGN: Fyrsti áfangi byrjaði með vikulangri lotu í **Hugmyndavinnu** með Þorvaldi Þorsteinssyni. Þar sem nemendur lærðu um margvísleg verkfæri til sköpunar og hugmyndavinnu með áherslu á þá persónulegu sýn sem hver og einn hefur á valdi sínu. Nemendur áttu að lokum að geta nýtt margvíslegar skissu og skráningarleiðir og vera fær um að skrá og vinna úr eigin hugmyndum.

Þá tók við lotan **Myndræn frásögn og túlkun** þar sem teknar voru fyrir algengar þemur í barna- og unglingabókum. Verkefni gengu á að skoða, og nota, tækni og/eða birtu til að túlka tilfinningar í myndum.

Alexis Deacon, breskur barnabókahöfundur/teiknari og kennari í mastersnámi í teikningu við Cambridge School of Art kom og kenndi hópnun í viku. Hann notaði aðferðir og leiki til þess að losa um hjá nemendum; fá þau til að vinna saman og hugsa öðruvísi um verkefni en þau voru vön. Þessi vika reyndist mjög gagnleg og nemendur notuðu lengi aðferðir sem Alexis kynnti fyrir þeim. Alexis kenndi við deildina í þetta sinn eftir að hópirinn hafði komið úr námsferðinni.

Næsti áfanginn, **RANNSÓKNARLEIÐANGURINN**, byrjaði með viku í ferðaundirbúning og þá sérstaklega kennslu á notkun sjónræna dagbóka sem Kristín Helga Ragnarsdóttir og Bjarni Hinriksson sá um. Ferðinni var heitið til Angouleme í Bordeaux

Sjónræna dagbækur úr rannsóknarferðinni á B- önn 2013. Kennarar voru Anna C. Leplar og Bjarni Hinriksson.



Stóra myndin til hægri. Úrvinnsla úr sjónræna dagbók úr rannsóknarferðinni á B- önn 2013. Kennarar voru Anna C. Leplar, Bjarni Hinriksson og Kristín Ragna Gunnarsdóttir.



Workshop í Cambridge School of Art í rannsóknarferðinni á B- önn 2013. Kennari var Pam Smy, deildarstjóri Teiknideildar CSA.



héraði í Frakklandi í fylgd Bjarna. Þar var stórt teiknifestival heimsótt og vinnustofur teiknara í bænum. Einnig heimsóttu nemendur 3 skóla á svæðinu: École européenne supérieure de l'image (EESI) - European School of Visual Arts, École des métiers du cinéma d'animation (EMCA) - School of Film Animation Technologies École nationale du jeu et des médias interactifs numériques (ENJMIN) - Graduate School of Games and Interactive Medias.

Í seinni hluta ferðarinnar ferðinni fóru nemendur til Bretlands með Önnu Cynthiu og Bjarna Hinriks. Meðal annars fóru nemendur á daglangt workshop í BA deildinni í CSA (Cambridge School of Art). Þau heimsóttu einnig illustration og animation deildina við Kingston University rétt fyrir utan London og tvær teiknideildir (Drawing and Applied Arts og Illustration) í University of the West of England í Bristol. Síðan var ferðinn haldinn til norður Bretlands þar sem nemendur og kennarar heimsóttu samstarfskóla okkar, University of Cumbria í Carlisle og fengu að kynna kennurum og nemendum þar og sjá hvað skólinn hefur upp á að bjóða. Í ferðinni heimsóttu nemendur einnig ýmis söfn og gallerí í ýmsum borgum sem þau. Þegar heim var komið unnu nemendur í tæpa viku úr sínum dagbókum og voru með sýningu á þeirri úrvinnslu í anddyri skólans.

LETUR/HANDRIT/MENNINGARSAGA: Áslaug Jónsdóttir kenndi þróun og sögu leturs, sem og grunnþætti í meðferð leturs í grafískri hönnun, þar sem letur og myndir koma saman. Nemendur könnuðu möguleika eigin rithandar og handgerðs leturs til að miðla skilaboðum í mynd. Þau fengu að kynna umbroti sem hluta af vinnu við samsetningu mynda og texta í bókum.

Ragnheiði Gestsdóttir var síðan með þriggja vikna lotu sem fjallaði um ævintýri, sögu þeirra, einkenni og byggingu, tengsl þeirra við goðsagnir og birtingarmyndir þeirra í nútímasamhengi. Nemendur urðu nokkru fróðari um menningararf okkar varðandi myndheiminn fyrr og nú og tengsl mynda og texta. Þau leituðu uppi og lásu ævintýri, sögðu frá þeim og reyndu að gera sér grein fyrir einkennum þeirra. Eins skoðuðu þau stílbrigði og framsetningu ævintýramyndskreytinga og völdu úrvinnsluleiðir út frá skilningi sínum á textunum. Kennsla fór fram í formi fyrirlestra og umræðna og lögð voru fyrir skrifleg verkefni.

FRÆÐSLA OG RANNSÓKNIR: Þar sem Anna C Leplar úthlutaði nemendum völdum tímabilum sögunnar sem nemendur áttu að skila sem teiknuðu fræðsluefni. Ýtarlegar heimildavinnu var þörf og kynntust nemendur ýmsum leiðum til heimildavinnu, Google, myndabönkum, bókasöfnum og gömlum bókum. Einnig unnu nemendur leiðarvísir eða kort þar sem athöfn eða gönguleið er lýst með teikningu. Markmiðið var að kynna fyrir nemendum fljóbreyttan starfsvettvang teiknarans og kynna fyrir þeim mikilvægi þess að vera með nákvæmar heimildir og hvar þær eru að finna þegar unnið er fræðsluefni.

C-hluti, haustönn 2014

C hluti skiptist í 3 áfanga: Hreyfing og myndræn frásögn, Form, rými og hljóð og Hugarheimar. Auk þess var Tölvukúrs í Tækniskólanum einu sinni í viku þar sem áherslan var á Photoshop og AfterEffects

forrit, heimspekítímar einn eftirmiðdag í viku, módelkennsla einn eftirmiðdag í viku og sjónrænardagbækur einu sinni í viku.

Annarstjóri: Anna C Leplar

Kennarar: Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Bjarni Hinriksson, Halldór Baldursson, Brian Pilkington, Anna Cynthia Leplar, Rósa Sigrún Jónsdóttir, Þorri Hringsson, Peter Obel, Bjarni Hinriksson Guðbjörg R.Jóhannesdóttir

Nemendur: Þrír nýir nemendur voru teknir inn eftir að 33 umsóknir bárust.

Fyrirlestrar: Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Peter Obel, og Benjamin Bohn. Sýningarferðir og heimsóknir á vinnustofur og tölvufyrirtæki. Keyptar voru 3 iMac tölvur fyrir deildina til viðbótar við þessa sem fyrr var og smíðað var borð sem nokkurskonar tölvuver fyrir deildina. Nýjustu Adobe forrit voru sett í allar tölvurnar.

Nemendur héldu áfram að þjálfá frásagnartækni myndmáls og þróðu persónulegan stíl í túlkun og útfærslu verkefna. Þau héldu sjónræna dagbók alla önninna og héldu áfram að teikna módel og lærðu mismunandi tækni við gerð teiknimynda. Nemendur unnu með form, rými, hljóð og hreyfingu í nokkrum smærri verkefnum og þjálfuðu frásagnartækni við gerð myndrænna handrita. Ákveðið vara að brjóta önninna upp mun meira en hafði verið gert áður til að ná betri flæði á milli verkefna.

HUGARHEIMAR: Kristín Ragna Gunnarsdóttir kenndi fyrstu vikuna með áherslu á sjónrænardagbækur og voru nemendur hvatir til að halda slíkar. Eftir þessa fyrstu viku hittu nemendur Kristínu Röggu vikulega til að fara yfir bækurnar saman og líka í einstaklingviðtölum með Kristínu Röggu.

HREYFING: Peter Obel, sem kennt hefur áður við deildina, kenndi helstu vinnubrögð við gerð hreyfimynda - skoðuðu hreyfingar, tímasetningar og takt. Listbrögð hreyfimynda voru skoðuð og rýnt var í hreyfingu í verkum ólíkra listamanna. Í lokinn gátu nemendur greint og teiknað einfaldan hreyfiferil fyrir teiknimyndir, gátu nýtt sér tímaferil og takt í teikningu hreyfinga og hafðu vald á teikningu mannslíkamanns á hreyfingu.

FORM, RÝMI OG HLJÓÐ: Þorri Hringsson tók nemendur í viku lotu sem hét **Ímyndað rými** þar sem skapað var, í teikningu eða í tölvu, trúverðugt og sannfærandi rými fyrir persónurnar sem áætlun var að móta í næsta kúrs á eftir.

Persónusköpun og mótun: Á næstu tveim vikum kenndi Rósa Sigrún Jónsdóttir nemendum að móta þrívíða túlkun af þessari persónu þar sem mikið var lagt upp úr svipbrigðum og hlutföllum og mikilvægi þess að sjá persónunna frá öllum sjónarhornum. Eins var búin til fatnaður og fylgihluti fyrir þessar persónur. Aftur var farið í **HREYFINGU** og Halldór Baldursson kenndi nemendum að koma handriti um þessa sömu persónu í „**storyboard**“-form sem hægt var að nota áfram í tveggja viku vinnu með Peter Obel. Peter tók sögurnar, ímynduðu rýmin og mótuðu karakteranna og kenndi nemendum að búa til stutta hreyfimynd úr öllum þessum elementum

Síðan tók Bjarni Hinriksson við hópinn í áfanganum

HUGARHEIMAR en þar var gerð Hreyfimynd fyrir sjónvarpsþátt.

Nemendur unnu í tveggja manna hópum við gerð hreyfimyndar með „greenscreen“-hreyfingu og notuðu raunverlegar persónur úr myndasafni RÚV. Nemendur unnu myndhandrit, bakgrunna, forgrunna og aukapersónur í kringum leikarann.

Við tók tveggja viku lota úr **FORM, RÝMI OG HLJÓÐ**, kennt af Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur. Nemendur bjuggu til og tóku upp hljóð með aðstoð hljóðmanns sem kom í skólan. Síðan bjuggu þau til hreyfimynd úr skuggamyndir, sem þau voru búin að teikna og klippa út úr svörtum pappír, sem þau sýndu með hljóðunum.

Nemendur fóru svo aftur í tvær vikur á áfangann, **HUGARHEIMAR** sem Kristín Ragna Gunnarsdóttir kenndi. Í lotunni **Tölvuleikir** unnu nemendur í litlum 2 manna hópum og þróðu saman hugmynd og grófa útfærslu að tölvuleik sem að þau þurftu að kynna á sannfærandi hátt.

Síðustu daga ársinnar tóku þau Bjarni Hinriksson og Anna Cynthia Leplar alla í bekknum í einstaklingsviðtöl. Tilgangurinn var að skoða hvernig hlutir hefðu þróast á fyrsta árinu hjá þeim, mætingar, ástundun, vinnuframlag og hvernig þau mættu bæta sig. Einnig vildum við brýna fyrir nemendum mikilvægi þess að undirbúa portfólíó og byrja að skoða tímalega umsóknarferil hjá ýmsum skólum.

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir **HEIMSKPEKI** í formi umræðna og fyrirlestra. Farið var yfir helstu kenningar um fagurfræði og fyrirbærafræði. Nemendur unnu skriflega dagbók á önninni.

Í Þjóðarbóklöðunni var haldin sýning á Alzheimerverkefni sem nemendur sem útskifuðust 2013 höfðu unnið á hasutmisseri 2011.



*Form, rými og hljóð – hópklippivinna á haust önn.
Kennari var Kristín Ragna Gunnarsdóttir.*



*Karakter búin til fyrir hreyfimynd, haust 2013.
Kennari var Rósa Sigrún Jónsdóttir.*



Hreyfimyndagerð á C- önn. Kennari var Peter Obel frá Danmörku.



*Tónleikastjórnandinn eftir Söru Sigurðardóttur, karakter úr hreyfimynd.
Kennarar voru Rósa Sigrún Jónsdóttir og Peter Obel.*



Hreyfistúdía eftir Alþgrím Sigurðarsson á C- önn.

MÓTUN

– LEIR OG TENGD EFNÍ

Mótun er tveggja ára diplómanám á 4. þrepi samkvæmt stöðlum Evrópusambandsins og er jafngilt 120 ECTS einingum.

Mögulegt hefur verið að bæta við sig einu ári við University of Cumbria og ljúka þannig náminu með BA gráðu en nú stendur til að loka keramikdeildinni þar í vor 2014, þannig að síðasti hópurinn úr Mótun fór þangað haustið 2013. Nú á Mótunardeildin í samstarfi við Keramikdeildina í The Royal Danish Academy of Fine Arts, The School of Design Bornholm.

Kennsla í Mótun fer fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík (100 ECTS) en hluti af fræðilegu námi og tölvuáfangi er kenndur í Tækniskólanum – skóla atvinnulífsins (20 ECTS).

Til að sækja um nám í öðrum skólum eftir Diplómanám í Mótun þurfa nemendur að útbúa góðar ferilmöppur. Hingað til hafa nemendur að mestu séð um það sjálfir en fengið aðstoð og mat í lokin frá kennurum.

Verið er að þróa sérstakan áfanga í ferilmöppugerð og ljósmyndun.

VOR 2012

Á vorönn 2013 voru kenndir tveir námshlutar í Mótun- leir og tengd efni

B hluti – Efni og D hluti - Framleiðsla.

Fimm nýir nemendur voru teknir inn í B hluta á vorönn 2013. Einn af þeim lauk námi á Keramikkjörsviði á haustönn 2012.

B HLUTI - EFNÍ

B hluti skiptist í 4 áfanga: Hugmyndavinna, Efni og aðferðir, Rannsóknarleiðangur og Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.

Annarstjórar B hluta voru **Hildur Ýr Jónsdóttir** og **Ólöf Erla Bjarnadóttir**.

Kennarar auk þeirra voru **Hrafnkell Birgisson**, **Sigrún Ólöf Einarsdóttir**, **Bjarnheiður Jóhannsdóttir**, **Unnur Gröndal**, **Jens Pfothenhauer** og **Elísabet V. Ingvarsdóttir**

Nemendur: 11 nemendur hófu nám í B hluta og luku 11 nemendur 23 framhaldsskólaeiningum eða ígildi 30 ECTS eininga.

Önnin snerist að mestu um tilraunir með postulín. Nemendur bjuggu til form úr tilbúnum hlutum s.s grænmeti, trjágreinum, ljósaperum ofl. Þessum tilbúnu formum umbreyttu nemendur með margs konar hætti og gerðu að sínum. Hver

*Mótun C - Kennarar Ólöf Erla Bjarnadóttir og Þórunn Árnadóttir
- Nemandi Gunnhildur Helgadóttir*



og einn nemandi skar upp sín grunnform og skeytti saman að nýju. Mismunandi áferðum var stefnt saman og hlutar endurteknir eða nýjum formhlutum blandað saman við.

Í þessari vinnu skipti ferlið sjálft miklu og rannsóknin sem fór fram í gegnum efnið og tilraunirnar. Mikið var lagt upp úr því að sjá marga ólíka möguleika í hverju formi og velja þeim fyrir sér, bregðast við og velja úr og taka næsta skref. Endanlega útkoman skipti minna máli en þó var takmarkið að gera nytjahlut.

Í áfanganum **Rannsóknarleiðangur**, var farið til Þýskalands í námsferð með styrk frá Leonardo mannaskiptaverkefnum Evrópusambandsins. Þar heimsóttu nemendur margvíslegar stofnanir s.s. postulínsverksmiðjuna **Kahla, University of Art and Design í Halle** og söfn sem tengjast postulínsframleiðslu. Nemendur fóru einnig til Berlínar og sáu þar listsýningar og fóru á söfn. Ferðin tók tvær vikur. Fararstjórar og kennarar í áfanganum voru **Hrafnkell Birgisson**, **Jens Pfothenhauer** og **Hildur Ýr Jónsdóttir**.

Á vegum Tækniskólans var kenndur áfanginn Hönnunarsaga.

Elísabet V. Ingvarsdóttir kenndi þann áfanga og var samkennt í B og D hluta Mótunar.

Í B hluta var ákveðið að endurskoða áfangann áður en hann verður kenndur næst.

D HLUTI - FRAMLEIÐSLA

D hluti skiptist í 5 áfanga: Hugmyndavinnu, Gifsmótagerð, Hönnun og framleiðslu, Rannsóknarleiðangur og Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.

Annarstjórar voru **Ólöf Erla Bjarnadóttir** og **Þórunn Árnadóttir**.

Kennarar auk þeirra voru **Brian Keaney**, **Jens Pfothenhauer** og **Elísabet V. Ingvarsdóttir**.

Nemendur: 9 nemendur stunduðu nám í D hluta og luku 7 nemendur 23 framhaldsskólaeiningum eða ígildi 30 ECTS eininga. 7 nemendur útskrifuðust með Diplómagráðu úr D hluta.

Þrjú nemendur fengu inngöngu inn á þriðja ár í Keramikdeildina í The Royal Danish Academy of Fine Arts, The School of Design Bornholm. Fjórir nemendur fengu inngöngu inn á þriðja ár í



Keramikdeildina í Listaháskólann í Cumbriu. Einn nemandi sem útskrifaðist með diplómagráðu úr Mótunarnáminu árið 2012 hóf einnig nám á þriðja ári við Keramikdeildina Listaháskólann í Cumbriu.

Í D hluta er áhersla lögð á samvinnu við fyrirtæki með fjöldaframleiðslu í huga. Mikil tæknikennsla fer fram og nemendur læra að gera gifsnot fyrir framleiðslu á hlutum úr leir og postulíni. Að þessu sinni átti Mótunardeildin í samstarfi við finnska hönnunarfyrirtækið Tonfisk (www.tonfisk-design.fi/). Viðfangsefni verkefnisins var smáréttaveisla en útkoman átti að vera nytjahlutur úr postulíni sem gæti nýst á heimili og hentaði til fjöldaframleiðslu. Hönnuð voru ílát úr postulíni og viði sem ætluð eru undir fingramat og önnur veisluföng – jafnvel ferðaveislur.

Brian Keaney stofnandi og aðalhönnuður Tonfisk kom til Íslands fyrirhluta annarinnar og fór yfir hugmyndavinnuna og valdi svo ásamt leiðbeinendum verkefnisins eina hugmynd frá hverjum nemanda til þess að þróa í endanlega frumgerð. Hann var prófdómari og viðstaddur opnun sýningarinnar á lokaútfærslu verkanna í Þjóðmenningarhúsinu.

Á vegum Tækniskólans var kenndur áfanginn Hönnunarsaga.

Elísabet V. Ingvarsdóttir kenndi þann áfanga og var samkennt í B og D hluta Mótunar.

Vel þótti takast til með árangur í D hluta. Vinna nemenda og kennara var með ágætum og samstarfsverkefni við Tonfisk tókst vel.

Önninni lauk með vorsýningu Diplómadeilda í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15.

D hluti Mótunar sýndi einnig afrekstur úr samstarfsverkefninu við Tonfisk í Leir 7 á Stykkishólmi í júní 2013.

Nemendur í Mótun sýndu ásamt nemendum í Textíl og Teikningu verk sín á sýningunni **Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur 16.-20. maí 2013**.

Síðan 2011 hafa Mótun og þýska postulínsverksmiðjan KAHLA unnið að þremur samstarfsverkefnum. Úr tveimur þeirra „A Trip to the Factory“ og „Flow“ hafa verið valin þrjú verk nemenda Mótunar til framleiðslu í hönnunarlínuna KAHLA Atelier. KAHLA kynnti hönnunarlínuna á vörusýningunni Ambiente í febrúar 2013.

Samstarfið byggðist á að nemendur hönnuðu og þróðu vöru úr postulíni fyrir verksmiðjuna. Þeir fengu tækifæri til að þróa hugmyndir sínar á opinn og frjóan hátt þar sem ekki þurfti að huga um of að viðskiptalegum sjónarmiðum. Útgangspunktur verkefnanna var postulín annars vegar og framleiðsla hins vegar. Leitast var eftir frumlegri og persónulegri nálgun nemenda í hugmyndavinnunni en útkoman er vara úr postulíni sem hentar til fjöldaframleiðslu. Innblástur nemenda var fjölbreyttur en kjarni hugmyndanna er náttúran, mannleg hegðun, ýmis konar siðir og venjur við borðhald. Markmið verkefnanna er að gefa nemendum tækifæri á því að kynnast raunverulegum heimi postulínsfjöldaframleiðslunnar þar sem nemendur læra hvernig má móta postulínið og að vinna í samstarfi við fyrirtæki í fremstu röð í heiminum.

Undir hönnunarlínunni KAHLA Atelier hafa verið framleidd verkin „Una“ eftir Maríu Worms, „Designers Cut“ eftir Ingibjörgu

Guðmundsdóttur og „Apparatus“ eftir Sigríði Þóru Óðinsdóttur og Christina Salzwedel. Verkin voru valin í hönnunarlínuna þar sem þau eru þaulhugsuð í margbreytileika sínum - en það er einmitt einkennismerki KAHLA fyrirtækisins.

HAUST 2013

Á haustönn 2013 **voru kenndir tveir námshlutar í Mótun – leir og tengd efni,**

A hluti – Uppruni og C hluti – Innri gerð.

Tveir nemendur stunduðu nám í Mótun á haustönn í A hluta en 13 í C hluta.

Áveðið var um vorið 2013 að kenna einungis einn hluta á hverju misseri og taka nýnema inn í A hluta annað hvert ár. Undantekning var gerð á þessu í ár þar sem tveir nemendur áttu eftir A hluta til að geta lokið diplómanáminu. Í kjölfar þessara breytinga þá minnkaði húsnæðið sem Mótun hefur til umráða fyrir starfsemi sína og tekur Mótunin þar að leiðandi hlutfallslega minni þátt í sameiginlegum kostnaði við rekstur hússins.

Sex nýir nemendur voru teknir inn í C hluta á haustönn 2013 Í inntökunefnd voru Ólöf Erla Bjarnadóttir og Sigurlína Osuala. Skoðaðar voru möppur með náms- og starfsferli, verkum og skissum en auk þess voru umsækjendur teknir í viðtöl.

A HLUTI UPPRUNI

A - hluti skiptist í 4 áfanga. Þeir voru: Hugmyndavinna, Efni og aðferðir, Tilraunastofa með íslensk jarðefni og Saga manns og hlutar, sem kenndur var á vegum Tækniskólans.

Annarstjórar í A hluta voru: **Sigurlína Osuala** og **Kristrún Thors**. **Kennarar** voru auk þeirra, **Bjarnheiður Jóhannsdóttir** og **Elísabet Ingvarsdóttir**.

Nemendur: Tveir nemendur A hluta luku 23 framhaldsskólaeiningum eða ígildi 30 ECTS eininga og luku báðir nemendur námi með Diplómagráðu úr A hluta.

Í A hluta Mótunar er „uppruni“ hugmyndalegur útgangspunktur og þess vegna var unnið með jarðleir og ýmsar upprunalegar aðferðir við mótun hans og skreytingu. Í áfanganum, Íslensk jarðefni var farin ferð í Dalasýslu þar sem grafinn var upp íslenskur leir og margvíslegum steinefnum safnað til glerungagerðar. Lögð var áhersla á ýmsar handmótunaraðferðir. Í áfanganum, Saga manns og hlutar undir stjórn **Elísabetar Ingvarsdóttur** voru skoðuð viðhorf í heimsspeki, hagfræði, mannfræði og sögu. Aðeins annað form var á kennslu í Sögu manns og hlutar en höfð hefur verið þar sem einungis tveir nemendur voru í A hluta og var áfanginn samkenndur með nemendum úr Listaháskóla Íslands en verkefni voru gefin í samræmi við áfangalýsingu.

Í heildina þótti takast vel til í starfi annarinnar.

C HLUTI INNRI GERÐ

C hluti skiptist í áfangana: Efni og aðferðir (rennsla og glerungar), Heimsspeki,

Teikning og Portfólíó, Sjálfstætt verkefni og Tölvustudd hönnun.

Annarstjórar í C hluta voru: **Ólöf Erla Bjarnadóttir** og **Þórunn Árnadóttir**.

Kennarar auk þeirra voru: **Christian Bruun**, **Guðbjörg Káradóttir**,

Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Anna Fjóla Gísladóttir, Sigurlína Osuala og Magnús Stephensen.

Nemendur: 13 nemendur stunduðu nám í C hluta og luku allir 23 framhaldsskólaeiningum eða ígildi 30 ECTS eininga. Einn nemandi ákvað að taka frí frá námi að loknum C hluta og biðja með að klára D hluta.

Áhersla í vinnu annarinnar var mestmegnis á rennslu, þ.e. tæknina við að renna leir á rennibekk og samhæfingu líkama og hugar sem er mjög mikilvægur þáttur í að ná valdi á rennslu.

Hugmyndavinna var unnin meðfram og í nánnum tengslum við rennsluna. Tvö verkefni voru meginuppistaðan í vinnu annarinnar, annars vegar þrjú rennd form ofan í hvert öðru og lokaverkefni þar sem nemendur höfðu frjálssar hendur varðandi hugmyndavinnu. Verkefni voru unnin þannig að rennsla og hugmyndavinna voru samofin og unnin samhliða.

Heimspeki: Í þessari lotu kenndi Guðbjörg R. Jóhannesdóttir heimspeki í formi umræðna og fyrirlestra. Farið var yfir helstu kenningar um fagurfræði og fyrirbærafræði. Nemendur unnu skriflega dagbók á önninni.

Á vegum Tækniskólans var kenndur áfanginn Tölvustudd hönnun og var kennari áfangans **Magnús Stephensen**.

Önninni lauk með því að nemendur settu upp sýningu í húsnæði Myndlistaskólans í Reykjavík að Hringbraut 121.

*Mótun A - Vatnslát -
Kennarar Sigurlína Osuala og Kristrún Thors
Nemandi Kolbrún Gissurardóttir.*



*Mótun D - Tonfisk verkefni -
Kennarar Ólöf Erla Bjarnadóttir, Þórunn Árnadóttir og Brian Keaneey
Nemandi Bergdís Guðnadóttir.*

*Neðri myndin
Mótun B - Tilraunastofa -
Kennari Hildur Ýr Jónsdóttir-
Nemandi Ingibjörg Ósk Þorvaldsdóttir..*



TEXTÍLL

Námið er tveggja ára diplómanám á 4. þrepi samkvæmt íslenska viðmiðarammanum um menntun. Námið jafngildir 120 ECTS í samstarfsháskólum, en ígildi 20 ECTS eininga sem kenndar eru á vegum Tækniskólans. Möguleiki er að bæta við sig tveimur árum við Heriot Watt háskólann í Skotlandi og ljúka þannig náminu með BA honors gráðu en BA-honors nám í Skotlandi er fjögurra ára nám. Textíll-deildin er nú í samningaviðræðum við Glasgow School of Art um að nemendur geti sótt um að komast beint inn á þriðja ár þar. Námið fer að mestu leiti fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík.

B HLUTI - VOR 2013 - UMHVERFIÐ

Deildarstjóri: Andrea Fanney Jónsdóttir

Nemendur: 12

Þema: Textíll er skoðaður í hversdagsleikanum og hvernig hvernig hann hefur áhrif á mangert umhverfi. Velt er upp hugmyndum um sjálfbærni í efnaframleiðslu, vinnusamfélagi og umhverfi. Skoðaðir eru framleiðslumöguleikar erlendis í samanburði við þá á Íslandi og velt er upp siðferðislegum spurningum um framleiðslu og efni.

Lotur í B-hluta voru:

Mynsturgetð og tölvur: Guðrún Eysteinsdóttir kenndi nemendum mynsturgetð. Nemendur þróðu skissur og teikningar út frá ljósmyndum sem þeir tóku sjálfir. Lögð var áhersla á að skoða form og áferðir í umhverfinu og rannsaka með teikningu. Teikningar nar færðu nemendur inn í tölvu og út frá þeim unnu þeir símystur undir leiðsögn Guðrúnar og **Ragnars Freys Pálssonar. Margrét H. Blöndal** kenndi nemendum ýmsar teikniáferðir sem miðil til að skrásetja skoðun á fjölbreyttu viðfangsefni.

Litagreining: Andrea Fanney Jónsdóttir kenndi nemendum að litagreina ljósmyndir. Nemendur unnu bæði með fundnar myndir og ljósmyndir sem þeir tóku sjálfir. Leitast var eftir því að finna áhugaverðar litasamsetningar í myndunum, litirnir síðan greindir með litablöndun úr frumlitunum. Úr þeirri vinnu unnu nemendur litarendur sem þeir túlkuðu yfir í litun textílefna og þrykk.

Litun textílefna: Arnþrúður Ösp Karsdóttir kenndi nemendum aðferðir til litunar á náttúrulegum efnum og aðrar algengar litunar-aðferðir. Nemendur bjuggu til tæknilega möppu með aðferðum og tækni námskeiðsins.

Þrykk: Nemendur lærðu lýsingu mynda á þrykkamma og notuðust við eigin mynstur úr áfanganum Mynsturgetð og Tölvur. **Helga Pálína Brynjólfssdóttir** kenndi nemendum að blanda kvoðu og liti fyrir þrykk á sellulósaefni, ull og silki. Nemendur lærðu að umreikna uppskriftir og að blanda liti.

Skapandi þrjón. Steinunn Sigurðardóttir kenndi nemendum að nota þrjón til þess að tjá hugmyndir sínar, umhverfi sitt og tilfinningar. Verkefninu lauk með sýningunni Þrjónagratúr inni í rými textíll-deildar þar sem sýndar voru hátt í 1200 þrjónaprufur og videóverk.

Rannsóknarferð. Brynhildur Pálsdóttir og Andrea Fanney Jónsdóttir. Nemendur fóru í vettvangsferð til Bretlands, Belgíu og Hollands þar sem heimsóttir voru listaháskólar, söfn, fyrirtæki

og stofnanir sem eru framarlega í textílhönnun og framleiðslu. Í Hollandi var meðal annars farið í heimsókn til **Gerrit Rietveld** listaháskólans, **Textílsafnsins í Tilburg** og **Vlisco**, fyrirtæki stofnað árið 1846 sem sérhæfir sig í vaxþrykki fyrir afrikumarkað. Í Belgíu var farið á **ModeMuseum** þar sem var til sýnis silkiþrykk frá Abraham arcive, sem tiskurisinn Yves Saint Laurent vann meðal annars með. Einnig var lítil spunaverksmiðja skoðuð sem hefur meðal annars unnið með íslensku ullina með góðum árangri. Í London var **Central Saint Martins** listaháskólinn skoðaður og hönnunarstúdíó **Eley Kishimoto** heimsótt. Fyrirtækið sérhæfir sig í mynsturgetð og þrykki og í kjölfar ferðarinnar var einum nemanda boðið þriggja mánaða starfsnám sumarið 2013. Í Skotlandi var farið í **Glasgow School of Art** (GSA) og eftir stuttan fund í Glasgow hófust samningaviðræður milli skólans og Myndlistaskólans í Reykjavík um að nemendur gætu sótt um þriðja ár í GSA. **Heriot Watt University** var einnig heimsóttur og fundað var um frekara samstarf milli skólanna. Í Skotlandi var einnig farið í stór og smá textílfyrirtæki og ferðin endaði í Cumbriu þar sem farið var í Linton Tweed sem er þekktast fyrir að framleiða ofin efni fyrir **Chanel**.

Textílpottur: Þessa önn kynntust nemendur textíll í heimi leikhúsins og tiskunnar. **María Ólafsdóttir** búningahönnuður tók á móti nemendum í Borgarleikhúsinu sagði frá búningagerð fyrir leik-sýninguna **Mary Poppins**. Nemendur tóku síðan þátt í að vinna áferðir á búningana sjálfa með efnum og aðferðum sem notast er við í leikhúsinu. Nemendur rannsökuðu og lærðu um notkun textílls í Haute Couture og Ready to Wear í tiskuheiminum og muninn þar á. Til samanburðar var staða textílls og tísku á Íslandi skoðuð og sett í samhengi við heimstísku með skriflegum greinargerðum. Nemendur

Textíll B-hluti - Þrykk - Kennari: Helga Pálína Brynjólfssdóttir

Textíll B-hluti - Mynsturgetð - Nemandi: Lilý Erla Adamsdóttir

Kennari: Guðrún Eysteinsdóttir

Textíll C-hluti - Þrjón - Vélþrjón - Nemandi: Valgerður Jónsdóttir

Kennarar: Magnea Einarsdóttir og Christie Alexander.



kynntu einnig þá staði sem stóð til að heimsækja í rannsóknarleiðangrinum til Evrópu.

Textíildeildin sýndi verk nemenda á Handverk og Hönnun í ráðhúsinu í lok annar en öllum diplómadeildum skólans var boðið að taka þátt til að kynna námið. Keyptur var tölvustýrður vefstóll frá ArmLoom sem var kærkomin viðbót við tækjakost deildarinnar og gerði nemendum kleift að vefa mynstur sem þeir hönnuðu í tölvu-forritinu WeavePoint.

C HLUTI - HAUST 2013 - HUGMYNDAÞRÓUN

Deildarstjóri: Andrea Fanney Jónsdóttir

Nemendur: 14

Vorið 2013 útskrifuðust 2 nemendur af 12. 9 af 10 nemendum sem eftir stóðu héldu áfram á C önn. Ákveðið var að auka nemendafjölda deildarinnar úr 12 í 14 og því hófu 5 nýjir nemendur nám við deildina haustið 2014. Vegna aukins nemendafjölda var nemendum skipt í hópa og unnu ýmist á verkstæðum með kennara, í hópavinnu eða sjálfstætt til skiptis. Nýjir nemendur fengu sérstaka kynningu á verkstæðum og nokkra daga í undirbúning í tækni fyrir vefnað og þrykk.

Þema: Önnin einkennist af markvissri hugmynda- og rannsóknarvinnu og vinna nemendur ýmist sjálfstætt eða í hópum. Nemendur kynnast hvernig ólíkir hönnuðir og listamenn vinna rannsóknir og útfærslu á hugmyndum. Nemendur ígrunda eigin hugmyndavinnu með samræðum og skrifum og þróa aðferðir í samvinnu við kennara til þess að túlka eigin hugmyndaheim yfir í ólíka miðla textíls.

Lotur í C-hluta voru:

Efni og aðferðir: Undir Efni og aðferðir fellur kennsla í hugmynda- og rannsóknarvinnu, útsaum, þæfingu og hugmyndavinnu í efni. Í fyrstu viku annar lagði **Magnea Einarsdóttir** grunn í hugmynda- og rannsóknarvinnu sem nemendur þróuðu yfir í næstu áfanga. Nemendur unnu í hópum og lögðust í markvissa rannsóknar- og hugmyndavinnu sem síðan varð að kveikju að þrjónalínu. **Erna Einarsdóttir** leiddi nemenendur í verklegri hugmynda- og þróunarvinnu með efni. Hver nemandi vann með tilbúið efni og skoðaði möguleika þess að þróa nýjan textíl út frá sama grunnefninu.

Arnþrúður Ösp Karsdóttir kynnti aðferðir, tækni og verkfæri við þæfingu og **Helga Jóna Þórunnardóttir** kenndi nemendum að yfirfæra eigin mynstur á efni til að sauma eftir, ýmis útsaumspor og frágang á útsaum.

*Textíll C-hluti - Þrjón - Vélþrjón - Nemandi: Guðný Katrín Einarsdóttir
Kennarar: Magnea Einarsdóttir og Christie Alexander*



Þrjón - vélþrjón: Nemendur þróuðu áfram hópverkefni úr rannsóknar- og hugmyndavinnu frá fyrstu viku haustannar yfir í sjálfstæð verkefni í hand- og vélþrjóni. **Christie Alexander** frá Glasgow School of Art kenndi nemendum undirstöðuatriði á þrjónavélar og hvernig nemendur gætu nýtt sér þá tækni til þess að útfæra hugmyndir sínar yfir í vélþrjón. **Magnea Einarsdóttir** tók við að leiðbeina nemendum við hönnun á hand- og vélþrjónuðum textíl fyrir tísku.

Vefnaður: Nemendur völdu annað hvort að vinna áfram með hugmyndavinnu frá fyrri áföngum yfir í vefnað eða velja sér nýtt viðfangsefni til þess að vinna út frá. Aftur var hugmynda- og rannsóknarvinnan markviss og undir leiðsögn en nú þróuðu nemendur ofinn innanhústextíl. Asthildur Magnúsdóttir leiðbeindi nemendum ásamt því að dýpka fyrri þekkingu á vefnaði og kennda nemendum á tölvustýrðan vefstól. Þórhalla Sigurgeirsdóttir frá **Epál** dæmði verkefni nemanda og fræddi nemendur um vefnað fyrir innanhúsáklæði.

Þrykk: Helga Pálína Brynjólfssdóttir kenndi nemendum nýjar aðferðir í þrykki s.s. lút, ætingu, bruna og fælu. Nemendur kynntust fjórlita þrykki hjá Jóhanni Torfasyni og framleiðslumöguleikar stafrænnar textílprentunar á Íslandi skoðuð. Nemendur unnu mynstur út frá eigin hugmyndavinnu og útfærðu yfir í silkþrykk.

Textílpottur: Allar vettvangsferðir og fyrirlestrar á önninni falla undir Textílpottinn. Umsjón með honum hafði **Andrea Fanney Jónsdóttir**. Margir hönnuðir og listamenn héldu fyrirlestra um eigin hugmyndavinnu, miðlun og framleiðslu á textíl. Meðal þeirra var voru:

Stephen West einn vinsælasti og söluhæsti þrjónahönnuður netheima. **Sigrún Halla Unnarsdóttir** fatahönnundur sem bæði hefur reynslu af sjálfberri framleiðslu á Austurlandi og framleiðslu í Kína fyrir stórt útivistarfyrirtæki. **Sigrún Hrólfssdóttir** myndlistamaður og einn meðlima Gjörningaklúbbsins sem notar textíl sem sinn helsta miðil í listsköpun. **Una Baldvinsdóttir** myndlistamaður sem hefur nýlega lokið mastersnámi í Swedish School of Textile í Borås þar sem hún vann með stafrænt þrjón.


Í Textílpottinum á C hluta var einnig farið í heimsókn til **Glófa ehf.** á Hvolsvelli í tengslum við kennslu í vélþrjóni. **Textílprentun Íslands** var skoðuð í tengingu við kennslu í þrykki. Farið var á húsgagna- og textílsýninguna Óvænt kynni í Hönnunarsafni Íslands, og textíildeild verzlunarinnar **Epál**, samhliða kennslu í vefnaði.

Heimspeki: Í þessari lotu kenndi Guðbjörg R. Jóhannesdóttir heimspeki í formi umræðna og fyrirlestra. Farið var yfir helstu kenningar um fagurfræði og fyrirbærafræði. Nemendur unnu skriflega dagbók á önninni.

Á vormánuðum þurfti textíildeildin að flytja geymslu sem leyfð hafði verið í ónýttum stigagangi. Þegar brunavarnir voru endurskoðaðar kom í ljós að ekki var hægt að nýta stigaganginn sem geymslu og þurfti því að setja upp nýja hluta húsnæðis skólans sem hafði verið nýtt til útleigu. Á haustönninni var töluvert keypt af efni sem ætlunin er að selja aftur til nemenda og er geymslan að hluta nýtt fyrir þessar birgðir. Meðal efnis er vefnaðargarn sem ekki fæst á Íslandi.

STARFSFÓLK 2011-13

Fastir starfsmenn	2011	2012	2013	2013
Skólastjóri	110%	100%	100%	Ingibjörg Jóhannsdóttir
Bókasafn	63%	69%	76%	Guðrún Hannesdóttir - Herdís Tómasdóttir Bjarki Bragason - Sigríður Björg Sigurðardóttir
Bókhald og fjármál	184%	110%	100%	Björg Elín Pálsdóttir
Skrifstofa	249%	282%	271%	Hafdís Helgadóttir - Ína Salóme Hallgrímsdóttir Ninna M. Þórarinsdóttir - Hrönn Magnúsdóttir Baldur Björnsson
Ræstingar	108%	103%	109%	Valur Smári Stefánsson - Krzysztof Kisielewski
Umsjónarmaður húss og tækja	101%	97%	100%	Sigurjón Gunnarsson
Viðhald á húsnæði	93%	58%	79%	Hilmar Guðjónsson
Almenn námskeið - deildarstjórn	6%	22%	34%	Halldóra Ingimarsdóttir - Kristinn Harðarson Sigtryggur Bjarni Baldvinsson
Barnaeild - deildarstjórn	70%	76%	70%	Halldóra Ingimarsdóttir
Keramíkdeild - deildarstjórn & umsjón	115%	106%	69%	Ólöf Erla Bjarnadóttir - Sigurlína Margrét Osuala Guðný Margrét Magnúsdóttir
Sjónlistadeild - deildarstj.1	114%	174%	125%	Bjarki Bragason - Áslaug Thorlacius
Teikning - deildarstjórn	17%	46%	50%	Anna C Leplar
Textill - deildarstjórn	60%	58%	50%	Andrea Fanney Jónsdóttir
Samtals	1249%	1300%	1234%	
<i>Fjöldi fasta starfsmanna</i>	31	25	24	
Launþegar alls	76	81	86	
Verktakar alls	110	131	122	
Samtals	186	212	208	



Tölulegar upplýsingar um starfsemi skólans árið 2013

VORÖNN 2013	Nemendur	Námskeið	Kennslustundir	Kennarar
Sjónlist 1 - 2ja ára nám til stúdentsprófs	11	11	702	13
Sjónlist 2 - 2ja ára nám til stúdentsprófs	23	13	618	22
SJÓNLIST 3 - eins árs undirbúningsnám (Myndlista- og hönnunarsvið / Fornám)	17	10	682	24
Keramik kjörsvið				
MÓTUN - B-hluti	11	5	676	11
MÓTUN - D-hluti	9	4	598	7
TEIKNING - B-hluti	13	5	598	9
TEIKNING - D-hluti				
TEXTÍLL - B-hluti	12	6	702	14
TEXTÍLL - D-hluti				
Almenn námskeið	156	18	1025	24
Samstarfsverkefni / Almenn námskeið	28	3	217	7
Endurmenntun	95	3	57	7
Barna- og unglínganámskeið	202	26	900	26
Dymbilvikunámskeið	18	2	24	2
Leikskóla samstarf	28	2	55	2
Listbúðir grunnskóla				
Samstarfsverkefni barnadeildar				
Sumarnámskeið	213	19	350	29
Listbúðir ERLENT SAMSTARF				
HAUSTÖNN 2013	Nemendur	Námskeið	Kennslustundir	Kennarar
SJÓNLIST 1 - nám til stúdentsprófs (1.ár)	18	12	749	28
SJÓNLIST 2 - nám til stúdentsprófs (2.ár)	13	9	580	15
SJÓNLIST 3 - eins árs undirbúningsnám (Myndlista- og hönnunarsvið / Fornám)	35	13	736	30
Keramik kjörsvið				
MÓTUN - A-hluti	4	4	598	4
MÓTUN - C-hluti	13	6	598	13
TEIKNING - A-hluti				
TEIKNING - C-hluti	14	5	598	9
TEXTÍLL - A-hluti				
TEXTÍLL - C-hluti	14	6	598	11
Almenn námskeið	227	22	1112	26
Samstarfsverkefni Almenn námskeið	25	3	186	7
Endurmenntun	67	3	57	5
Barna- og unglínganámskeið	217	27	910	38
Leikskólasamstarf	26	2	44	2
Listbúðir grunnskóla	93	2	44	6
Samstarfsverkefni barnadeildar				
Listbúðir erlent samstarf				
Samtals á árinu 2013	1602	241	14014	391

FJÖLDI NEMENDA samanburður milli ára

VORANNIR	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
Sjónlist 1 - 2ja ára nám til stúdentsprófs	11	25						
Sjónlist 2 - 2ja ára nám til stúdentsprófs	23							
SJÓNLIST 3 - eins árs undirbúningsnám (Myndlista- og hönnunarsvið / Fornám)	17	29	33	34	28	31	26	22
Keramík kjörsvið					7	8	6	10
MÓTUN - B-hluti	11	12	14	13	12	11		
MÓTUN - D-hluti	9	9	9	13	8			
TEIKNING - B-hluti	13		14					
TEIKNING - D-hluti		13						
TEXTÍLL - B-hluti	12		12					
TEXTÍLL - D-hluti		12						
Almenn námskeið	156	201	266	269	253	215	191	193
Samstarfsverkefni / Almenn námskeið	28	40	32	50	26	6		
Endurmenntun	95	110	43	34	79			
Barna- og unglinganámskeið	202	224	217	189	207	255	194	199
Dymbilvikunámskeið	18	10	10	18	17	17	23	13
Leikskóla samstarf	28	25	26	54	53	40	42	
Listbúðir grunnskóla			115	120	129	131	45	
Samstarfsverkefni barnadeildar og listasmiðjur.		96		95	6		10	
Sumarnámskeið	213	134	155	188	218	144	237	187
Listbúðir erlent samstarf			29	8	9	17	5	
HAUSTANNIR	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
Sjónlist 1 - 2ja ára nám til stúdentsprófs	18	15	33					
Sjónlist 2 - 2ja ára nám til stúdentsprófs	13	24						
SJÓNLIST 3 - eins árs undirbúningsnám (Myndlista- og hönnunarsvið / Fornám)	35	19	34	34	34	29	31	30
Keramík kjörsvið		7	7	8	12	7		11
MÓTUN - A-hluti	4	10	14	11	11	11	11	
MÓTUN - C-hluti	13	7	12	12	13	9		
TEIKNING - A-hluti		14		14				
TEIKNING - C-hluti	14		14					
TEXTÍLL - A-hluti		13		12				
TEXTÍLL - C-hluti	14		12					
Almenn námskeið	227	186	184	231	199	207	207	203
Samstarfsverkefni / Almenn námskeið	25	30	44	29	20	6	19	
Endurmenntun	67		10	17			60	
Barna- og unglinganámskeið	217	191	177	182	166	203	194	153
Leikskólasamstarf	26	27	30	31	39	97	199	64
Listbúðir grunnskóla	93	125			115	150		
Samstarfsverkefni barnadeildar							10	
Listbúðir erlent samstarf		5						
Fjöldi nemenda milli ára	1602	1613	1546	1666	1661	1594	1510	1085

FÉLAGATAL 2013

MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK

Anna Cynthia Leplar	Karl Jóhann Jónsson
Anna Guðjónsdóttir	Karlotta Blöndal
Anna Hallin	Katrín Briem
Anna Þóra Karlsdóttir	Kolbeinn Hugí Höskuldsson
Áslaug Thorlacius	Kolbrún S. Kjarval
Ásthildur Magnúsdóttir	Kristinn Guðbrandur Harðarson
Birgir Snæbjörn Birgisson	Kristinn Helgason
Bjarki Bragason	Kristín Hauksdóttir
Bjarni Hinriksson	Kristín Ísleifsdóttir
Björk Guðnadóttir	Kristín Reynisdóttir
Borghildur Óskarsdóttir	Kristján Steingrímur Jónsson
Brynhildur Þorgeirsdóttir	Lísa Guðjónsdóttir
Brynhildur Pálsdóttir	Louise Harris
Búi Kristjánsson	Margrét Friðbergdóttir
Daði Guðbjörnsson	Margrét H. Blöndal
Einar Garibaldi Eiríksson	Margrét Zophoníasdóttir
Elísa Björg Þorsteinsdóttir	Ólöf Erla Bjarnadóttir
Elsa Dórothea Gísladóttir	Ólöf Nordal
Erla Stefánsdóttir	Ósk Vilhjálmsdóttir
Eygló Harðardóttir	Páll Thayer
Finnur Arnar Arnarson	Ragnheiður Gestsdóttir
Guðbjörg Káradóttir	Ragnhildur Stefánsdóttir
Guðjón B. Ketilsson	Shauna Laurel Jones
Guðný M. Magnúsdóttir	Sigríður Erla Guðmundsdóttir
Guðrún Einarsdóttir	Sigríður Helga Hauksdóttir
Guðrún Hannesdóttir	Sigríður Melrós Ólafsdóttir
Guðrún Vera Hjartadóttir	Sigrún Guðmundsdóttir
Guja Dögg Hauksdóttir	Sigrún Ólöf Einarsdóttir
Hafðís Helgadóttir	Sigtryggur Bjarni Baldvinsson
Halldór Baldursson	Sigurður Guðmundsson
Halldóra Ingimarsdóttir	Sigurður Þórir
Hallsteinn Sigurðsson	Sigurjón Gunnarsson
Haraldur Jónsson	Sigurlaug Lövdahl
Helgi Gíslason	Sigurlína Margrét Osuala
Herdís Ellen Gunnarsdóttir	Sólveig Aðalsteinsdóttir
Herdís Tómasdóttir	Svanborg Matthíasdóttir
Hildigunnur Birgisdóttir	Tinna Gunnarsdóttir
Hildur Bjarnadóttir	Unnar Örn Jónasson
Hilmar Guðjónsson	Valgerður Bergsdóttir
Hlíf Ásgrímsdóttir	Vigfús Birgisson
Hrafnkell Birgisson	Vilhjálmur Þorsteinsson
Hrönn Magnúsdóttir	Þorbjörg Höskuldsdóttir
Inga Þórey Jóhannsdóttir	Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Ingibjörg Böðvarsdóttir	Þorri Hringsson
Ingibjörg Jóhannsdóttir	Þóra Sigurðardóttir
Ingólfur Arnarsson	
Ína Salóme Hallgrímsdóttir	
Jóhann Torfason	
Jón Axel Björnsson	
Jón Bergmann Kjartansson Ransú	

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK